

Benedikt segir óeðlilegt mat hjá hæfisnefnd

Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi fjármálaráðherra, dró umsókn um stöðu seðlabankastjóra til baka. Starf hæfisnefndar sé í „hæsta máta óeðlilegt“. Hann varar forsætisráðherra við mistökum.

STJÓRNSÝSLA Hæfisnefnd um skipan í embætti seðlabankastjóra vanrækir að horfa til þess við mat á umsækjendum að sameina eigi Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið. Þetta segir Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi fjármálaráðherra.

Í bréfi til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra, þar sem Benedikt dregur til baka umsókn sína um stöðu seðlabankastjóra, segir hann að eitt af stærstu verkefnum nýs seðlabankastjóra verði að undirbúa sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um næstu áramót, og ásamt öðrum breytingum sem boðaðar séu í lagafrumvarpi verði eðlisbreyting á starfinu.

„Í ljósi þess að meginverkefni nýs seðlabankastjóra verður að leiða breytingar á þessu mikilvæga sviði kom það mér í opna skjöldu þegar hæfisnefnd um stöðuna tjáði mér í upphafi viðtals að hún myndi aðeins miða sína umsögn við starfið eins og það hefur verið og ekki líta til þeirra breytinga sem boðaðar hafa verið. „Það getur þó verið að Katrín geri það“, sagði formaður nefndarinnar,“ rekur Benedikt í bréfinu.

„Í viðtalinu var augljóst að nefndin horfði fyrst og fremst á stöðuna sem embætti eða rannsóknarstöðu en lagði litla áherslu á rekstur eða stjórnsýslu. Hæfisnefndin horfir því ekki til þeirrar stöðu sem ætla má að nýr seðlabankastjóri muni gegna obbann afsínu tímabili. Þetta er í hæsta máta óeðlilegt,“ skrifar Benedikt.

„Formaður nefndarinnar boðar í viðtali að önnur viðmið kunni að ríkja hjá þeim sem skipar í stöðuna en nefndinni sem fjallar um hæfið. Því má spyrja til hvers er nefnd sem á að vera ráðherra til aðstoðar, ef hann notar svo allt önnur viðmið?“ spyr Benedikt sem segir að forsætis-

Þó að ég dragi mig til baka breytir það því ekki að þessi vinnubrögð eru ekki sámandi við stöðuveitingu sem ætti að vanda sérstaklega til.

Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi fjármálaráðherra



ráðherra hefði verið í lófa lagið að leiðbeina nefndinni um að hún ætti ekki að horfa um öxl heldur fram á við.

„Dagsetningin 20. ágúst er ekki heilagri en svo að finna má skammtalausn til þess að hún valdi því ekki að gerð séu alvarleg stjórnsýslumistök,“ segir í bréfi Benedikts sem visar þannig til þess að skipa eigi nýja bankastjórn frá 20. ágúst.

Þannig segir Benedikt að vinnubrögðin standist alls ekki þá kröfu til stjórnsýslu sem viðhafa þurfi.

„Ég vil ekki taka þátt í þeim leik og dreg umsókn mína því til baka. En þó að ég dragi mig til baka breytir það því ekki að þessi vinnubrögð eru ekki sámandi við stöðuveitingu sem ætti að vanda sérstaklega til.“

Sextán sóttu um stöðu seðlabankastjóra. Eins og fram kom í Fréttablaðinu 22. maí kvörtuðu tveir umsækjendanna vegna skipunar Sigríðar Benediktsdóttur í hæfisnefndina. Þeir sögðust telja Sigríði vanhæfa vegna setu í bankaráði Landsbankans. Þetta voru Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri hjá Seðlabankanum, og Vilhjálmur Bjarnason lektor. – gar



Frá klukkan 8 í dag breytist akstursstefna bíla um Laugaveg. Í stað þess að aka niður Laugavegin, eiga bílar að keyra í austurátt frá Klapparstíg upp að Frakkastíg. Áfram verður ekið niður Laugavegin frá Hlemmi en aðeins niður að Frakkastíg, þaðan er einstefna niður á Hverfisgötu. Tilgangur breytinganna er að jafna umferðarflæðið um miðborgina og draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Samið við alla nema Miðflokkinn

STJÓRN MÁL Ríkisstjórnarflokkarnir hafa samið um þinglok við alla flokka stjórnarandstöðunnar, utan Miðflokksins.

Fastlega er gert ráð fyrir því að afgreiðsla hins svokallaða þriðja orkupakka verði frestað þar til síðar í sumar. Þingmenn hittust nokkrum sinnum í gær á fundum sem miðuðu að því að reyna að ljúka afgreiðslu mála.

Bakslag kom í viðræður á milli flokkanna í gær vegna Miðflokksins, sem vill fleiri mál í sérstakt ferli. Þar á meðal er frumvarp um innflutning á fersku kjóti en þingmenn flokksins eru mótfallnir því frumvarpi. Málið er umdeilt í fleiri flokkum, meðal annars grasrót Framsóknarflokksins. – oæg / sjá síðu 6

Fréttablaðið í dag

SKODUN Þórlindur Kjartansson skrifar um minningar sem skolest burt. **11**

SPORT Erfitt að vita ekki hvað er að, segir Fanney. **14**

MENNING Reykjavík Midsummer Music 2019, tónlistarhátíð Víkings Heiðars píanóleikara, er rétt handan við hornið. **20**

LÍFÍÐ Jón Jónsson og Sverrir Bergmann spila á Þjóðhátíð og deila skemtilegum sögum frá fyrri hátíðum. **36**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • SKILTAGERÐ OG MERKINGAR

*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015

nettó

FRÁBÆR HELGARTILBOÐ!



Helgusteik í Esjumarineringu

1.399 KR/KG

ÁÐUR: 2.798 KR/KG

-50%



STÓR PAKKI

Lúxusgrillpakki

1.499 KR/KG

ÁÐUR: 2.499 KR/KG

-40%



Græn vínber

399 KR/KG


ÁÐUR: 798 KR/KG

-50%

Lægra verð - léttari innkaup

Tilboðin gilda 13. - 17. júní

Veður



Norðaustlæg átt 5-13 m/s, hvassast suðaustan til, en norðvestanátt vestan til. Skýjað og lítills háttar úrkoma austanlands, en þurr og bjart að mestu vestan til.

SJÁ SIÐU 18



Bubbi Morthens mun rifja upp gerð valinna platna í Hlaðvarpi Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bubbi mun rifja upp plötturnar

MENNING Nýr hlaðvarpsþáttur í umsjón tónlistarmannsins Bubba Morthens hefur göngu sína á Hlaðvarpi Fréttablaðsins um miðja næstu viku. Í þáttunum, sem verða aðgengilegir á fréttablaðið.is, mun Bubbi rekja tilurð eigin platna.

Í fyrsta þáttinum rifjar hann upp gerð Ísbjarnarblúss, fyrstu breiðskífu sinnar, sem kom út árið 1980. Gestir þáttarins verða Sigurður Arnason, upptökumaður plötunnar, og Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari.

„Ég mun tala um hvernig upptökurnar komu mér fyrir sjónir, hverjir voru að spila og svona. Svo kalla ég inn gesti sem hafa kannski ekki verið í kastljósinu áður,“ segir Bubbi. Það er af nógu að segja frá um gerð plötunnar. Hún var tekin upp í Tóntækni, þar sem Sigurður réð ríkjum. Í sama húsi var prentsmiðja. „Við þurftum að taka mikið upp á nóttunni, þá voru vélarnar ekki í gangi. Svo var gríðarlega mikið í grænum pokum,“ segir Bubbi og hlær. „Það hverfðist allt með og þannig var Ísbjarnarblús tekinn upp í einum stórum rykk.“ – ab

Vígalegir víkingar



Hin árlega Víkingahátíð fer nú fram á Víðistaðatúni í Hafnarfirði. Í gær var sýnt bardagaatriði. Atriðið hófst með jarðarför. Hinn látni skyndilega lifnaði við, ættingi hans móðgaðist og upphófst vígalegur bardagi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Fleiri myndir af víkingum er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Costco-félögum fækkar mikið

VIÐSKIPTI Mun færri Íslendingar eru með virkt aðildarkort hjá Costco nú en árið 2018. Enn er þó rúmlega helmingur Íslendinga, 53 prósent, með aðildarkort en í ársbyrjun 2018 var hlutfallið 71 prósent. Samdrátturinn er því verulegur.

Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar MMR á Costco-aðild en fyrirtækið gerði einnig könnun á þessu í janúar í fyrra. Hlutfall þeirra sem hyggjast endurnýja kort sín hefur aftur á móti aukist. Nú hyggjast 78 prósent þeirra sem hafa virkt aðildarkort endurnýja það þegar þar að kemur. Samanborið við 60 prósent í janúar 2018.

Höfuðborgarbúar, 58 prósent, reyndust líklegri til að vera með Costco-aðildarkort en íbúar landsbyggðarinnar, 42 prósent, en hlutfall þeirra sem hugðust endurnýja aðildina var nokkuð jafnt, tæp 80 prósent, meðal höfuðborgar- og landsbyggðarbúa. – smj

Landinn er sólginn í ís í sól og veðurbliðunni

Íssalar merkja mikla söluaukningu á ís samanborið við sama tímabil í fyrra. Mannað er á vaktir í ísbúðum eftir veðurspánni og eru hlutastarfmenn nánast í fullri vinnu. Eigandi ísbúðarinnar Valdísar segir ísinn hvetja til útivistar.

SAMFÉLAG Íssalar sem Fréttablaðið ræddi við eru sammála um að bein tenging sé milli góða veðursins sem landsmenn hafa fengið að njóta það sem af er sumri og aukinnar íssölu. Eigandi ísbúðarinnar Valdísar segir þriðjungi meira að gera nú en á sama tíma í fyrra. Eigandi Emmessiss segir áberandi söluaukningu á milli ára; um sé að ræða 20 prósent aukningu bæði í matvöruverslunum og í ísbúðum.

Anna Svava Knútsdóttir, uppistandari og annar eigandi Valdísar, bindur vonir við að sólin láti áfram sjá sig í sumar. „Það er þriðjungi meira að gera en á sama tíma á síðasta ári. Reksturinn er bara þannig að sólin segir til um sölu, manneskjan sem sér um vaktaplönnin kikir á veðurspána fyrir vakt og fær starfsfólk til vinnu meðið við hversu góð spáin er. Þar af leiðandi er fólk sem er venjulega í hlutastarfi hjá okkur næstum búíð að vera í fullri vinnu upp á síðkastið sökum veðurs.“

Anna hefur litlar áhyggjur af ísáti og áhrif þess á holdafar fólks. Hún vitnar í þá þekktu staðreynd að maðurinn hafi tvo maga, einn fyrir ís og annan fyrir mat. „Að öllu gríni slepptu vil ég meina að ísinn hvetji fólk til útivistar og hreyfingar í veðurbliðunni og að það vegi upp á móti hvaða lýðheilsuáhyggjum sem menn kynnu að hafa.“

Katla Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Ísbúðar Vesturbæjar, segir að þó mikið sé að gera um þessar mundir sé samt ótrúlegt hvað ís selst vel í vondu meðri líka. „Fólk kaupir sér ís á veturna og borðar hann í bílnum eða heima hjá sér. Við erum örugglega frábregðin



Katla, Anna Svava og Laufey njóta sín í veðurbliðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

● ● Það er þriðjungi meira að gera en á sama tíma á síðasta ári. Reksturinn er bara þannig að sólin segir til um sölu.

Anna Svava Knútsdóttir, annar eigandi Valdísar

öðrum þjóðum hvað þetta varðar, maður fer ekki og fær sér ís í Kaupmannahöfn ef það er ekki sól.“

Pálmi Jónsson, eigandi Emmessiss, undirstrikar mikilvægi sólarinnar og bendir einnig á aukna sölu ár frá ári. „Það er búíð að ganga bara rosalega vel, það er augljóslega bein tenging milli veðurs og íssölu, það er áberandi söluaukning á milli ára og við erum að horfa á 20 prósent aukningu bæði í matvöruverslunum og ísbúðum. Það er augljóst að ís kemur öllum í gott skap.“

palmik@frettabladid.is

Vélorf atvinnumannsins og þeirra sem gera kröfur

Japönsku MITOX-Kawasaki vélorfin hafa um árabíl verið val atvinnumannsins þegar kemur að því að velja öflugt og endingargott vélorf í krefjandi slátt.



MITOX
Powered by
Kawasaki

PÓR

Reykjavík:
Króksháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Baldursnes 8
603 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is



Víkingabardagi í Hafnarfirði

Mikill bardagi fór fram á hinna árlegu Víkingahátíð sem nú er haldin á Viðistaðatúni í Hafnarfirði. Hátíðin, sem er undir stjórn víkingafélagsins Rimmugýgjar, er fyrir löngu orðin heimsfræg. Í gær fór fram bardagaatriði. Atriðið hófst á jarðarför. Hinn látni lifnaði svo skyndilega við. Þá móðgaðist ættinginn sem stóð til að erfði hann og upphófst vígalegur bardagi. Frítt er inn á hátíðina og þar má finna, fyrir utan bardagasýningar, leikjasýningar, sögumenn, bogfimikeppi, handverk, markað ásamt víkingaskóla.



Njóttum sumarsins!

20% afsláttur

AF KIRSBERJATRJÁM, HINDBERJARUNNUM
SÓLBERJARUNNUM, RÍFSBERJARUNNUM
HIMALAYJAEINI OG BIRKIKVISTUM

SUMARBLÓMATILBOÐ

MATJURTIR 4STK	540KR
NELLIKA OG TÓBAKSHORN	990KR
SKRAUTNÁL, SILFURKAMBUR OG STJUPUR 10STK	1.150KR

TÆKJATILBOÐ


STIHL RE90 HÁPRÝSTIDÆLA	24.960KR
RIBIMAX ILLGRESISBRENNARI	9.980KR
VIKING ME235 RAFMAGNSSLÁTTUVÉL	21.950KR

GLÆSILEGIR ÞJÓÐHÁTÍÐARVENDIR

VERÐ FRÁ 2.900KR



OPÍÐ Á 17. JÚNÍ
FRÁ 11 TIL 19



GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Hlutfall ungra mæðra hátt á Suðurnesjum

SAMFÉLAG Hlutfall mæðra sem ekki hafa náð tvítugsaldri er mun hærra á Suðurnesjum en á landsvísi. Á landinu öllu fæddu 6,8 stúlkur af hverjum 1.000, á aldrinum fimmtán til nítján ára, börn á árunum 2014-2018 en á Suðurnesjum voru þær 17 af 1.000.

Þetta kemur fram í Lýðheilsuvísu Landlæknisembættisins fyrir árið 2019. Anna Sigríður Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi

» Á Suðurnesjum fæddu 17 stúlkur af hverjum 1.000, á aldrinum fimmtán til nítján ára, börn á árunum 2014-2018.

og fulltrúi Lýðheilsuráðs Suðurnesja, segir að ekki liggi ein ástæða að baki því hversu hátt hlutfall ungra mæðra er á Suðurnesjum. „Við erum að stækka mjög hratt og

hér býr mikið af ungu fólki. Einnig hefur heilsugæslan hér setið á haknum miðað við önnur bæjarfélög og góð heilsugæsla er stór þáttur í því að auka heilsueflingu allra bæjarbúa.“

Hvað varðar forvarnir og það hvernig megi bregðast við þessum fjölda segir Anna að mikið hafi verið lagt í það í bæjarfélaginu að auka forvarnir, menntun og atvinnutækifæri. „Við höfum lagt

mikið í það að auka hér forvarnir ásamt því að við höfum hvatt börn og ungmenni til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Við stefnum einnig að því að fjölga hér störfum sem krefjast háskólamenntunar og erum stolt af því starfi sem hér hefur átt sér stað í eflingu geðheilsu bæjarbúa,“ segir Anna og bætir því við Suðurnesin séu samfélag þar sem lögð sé áhersla á bæði andlega og líkamlega heilsu. – bđj



Flestir erlendir ferðamenn fara Gullna hringinn. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Aldrei meiri samdráttur

FERÐAÞJÓNUSTA Samdráttur milli ára í fjölda ferðamanna hefur ekki verið jafnmikill frá upphafi mælinga sé litið til fjölda í maí á þessu ári í samanburði við maí í fyrra. Fjöldi ferðamanna í maí var rúmlega 111 þúsund og dróst saman um 24 prósent í maí samanborið við maí 2018, eða um tæplega 36 þúsund ferðamenn. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Næstmesti samdráttur í fjölda ferðamanna innan sama mánaðar var í apríl síðastliðnum borið saman við apríl 2018, en þá fækkaði ferðamönnum um 25 þúsund og hlutfallsleg lækkun á milli ára var 19 prósentur. – að

Funda um mál Þórhildar Sunnu

STJÓRN MÁL Forsætisnefnd Alþingis fundar í dag klukkan 8.30 og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er síðanefndarmál Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur á dagskrá fundarins. Síðanefnd þingsins komst að þeirri niðurstöðu í ráðgefandi áliti sínu í vor að Þórhildur Sunna hefði gerst brotleg við síðareglur þingsins með ummælum sínum um að rökstuddur grunur væri um að Ásmundur Friðriksson hefði dregið sér fé í tengslum við endurgreiðslur sem hann fékk frá Alþingi samkvæmt akstursdagbók. Ummælin viðhafði Þórhildur Sunna í þættinum Silfrinu á RÚV. – að

Daglegar ábendingar til MAST vegna illrar meðferðar dýra

Í ársskýrslu Matvælastofnunar kemur fram að alls hafi borist 468 ábendingar frá almenningi vegna dýravelferðar. Frá 2017 hafa yfir tuttugu mál farið í sektarferli vegna vanhvirðu. Fleiri ábendingar koma vegna illrar meðferðar á gæludýrum en búfænaði hér á landi.

DÝRAVELFERÐ Til Matvælastofnunar (MAST) bárust 468 ábendingar í fyrra frá almenningi um illa meðferð á dýrum. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu MAST sem kom út í vikunni. Frá árinu 2017 hafa á þriðja tug mála farið í sektarferli vegna vanhvirðu eða illrar meðferðar á dýrum og er rúmlega helmingur þeirra mál vegna gæludýra einstaklinga.

Í ársskýrslu MAST er farið ítarlega yfir störf stofnunarinnar. Þar kemur fram að mikið hefur verið að gera þegar kemur að því að tryggja dýravelferð hér á landi. Almenningsur hefur verið duglegur við að benda stofnuninni á illa meðferð á dýrum. „Ljóst er að eftir því sem dýrahaldið er minna sýnilegt almenningi, því færri ábendingar berast stofnuninni um viðkomandi dýrahald,“ segir í ársskýrslunni.

„Frá árinu 2017 hafa yfir 20 mál farið í sektarferli vegna vanhvirðu eða illrar meðferðar á dýrum. Rúmlega helmingur af málum varðar gæludýr,“ segir í skýrslunni. Fram kemur einnig að langflestar til-



Gæta þarf að því að hross í vetrharga hafi næga beit og vatn. Ef jarðbönn verða þarf að gæta að því að hrossum sé gefið á gaddinn. Alls bárust 99 ábendingar til MAST um hross á síðasta ári. FRÉTTABLAÐID/GVA

» 202 ábendingar af þeim 468 sem bárust Matvælastofnun frá almenningi voru vegna hunda.

kynningar almennings séu vegna hunda, eða 202 ábendingar alls af þeim 468 sem bárust stofnuninni. Ábendingar vegna illrar meðferðar á búfænaði voru 180, eða 38 prósent allra ábendinga. 62 prósent ábendinga voru um gæludýr.

Alls fóru fram sjö vörslusviptingar á árinu og samtals voru eigendur sviptir 58 kindum, 20 hænum, fjórtán hestum og fjórum hundum. Meðal annars þurfti að fella sauðfé á Austurlandi og starfsemi hundaræktar á Suðvestur-

landi var stöðvuð á grundvelli dýravelferðar.

„Á árinu hafði stofnunin afskipti af fjölda tilvika vegna vanhvirðu eða illrar meðferðar dýra og þurfti tíðum að grípa til þvingana, svo sem dagsekta en einnig vörslusviptinga sem er hardasta úrræðið sem stofnunin getur beitt,“ segir í skýrslu MAST. „Vörslusviptingar á árinu náðu til nær allra dýrategunda, sumar viðamiklar og fella þurfti sauðfé á Austurlandi.“ sveinn@frettabladid.is

Hagstæðustu vextir í sögu lýðveldisins

VIÐSKIPTI Ríkissjóður Íslands gaf í gær út skuldabréf að fjárhæð 500 milljónir evra, eða að jafnvirði um 71 milljarðs króna. Um er að ræða skuldabréf á hagstæðustu vöxtum í sögu íslenska lýðveldisins.

Fram kemur í tilkynningu til Kauphallarinnar að skuldabréfin bera 0,1% fasta vexti og eru gefin út til 5 ára á ávöxtunarkröfunni 0,122%. Fjárfestar sýndu útgáfunni mikinn áhuga og nam eftirspurn um 2,5 milljörðum evra eða ríflega fimmfaldri fjárhæð útgáfunnar. Fjárfestahópurinn samanstendur af seðlabönkum og öðrum fagfjárfestum, aðallega frá Evrópu. Umsjón útgáfunnar var í höndum Barclays, JP Morgan, Morgan Stanley og Nomura.

„Þessi útgáfa er staðfesting á þeirri viðurkenningu og trausti á þeim árangri sem við höfum náð í ríkissjóðmálum og stjórn efnahagsmála á síðustu árum, en ríkissjóður hefur aldrei tekið lán á hagstæðari



Ráðherra telur markaðsaðstæður hagstæðar. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

vöxtum,“ segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu. „Útgáfan nú er liður í að framfylgja langtímastefnu í lánamálum. Þetta er mikilvægur þáttur í því að bæta markaðsaðgengi innlendra aðila

á erlendum lánsfjármörkuðum til lengri tíma og að stórum og fjölbreyttum hópi fjárfesta. Markaðsaðstæður eru hagstæðar um þessar mundir og það er ánægjulegt að festa þessi hagstæðu kjör til næstu fimm ára.“ – ab

Hefur þú prósað Holta drumsticks?

NÝTT OG SPENNANDI FRÁ HOLTA



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

SUMMARGRILL
TOYOTA



Stórsýning í Kaptúni laugardaginn 15. júní kl. 12–16.

Nú hitnar í kolunum í Kaptúni þar sem við blásum til stórsýningar. Komdu og sjáðu glæsilega bíla í fullum sumarskrúða og nældu þér í ilmandi góðgæti frá Kjötkompaní af funheitu grillinu. Með öllum nýjum seldum bílum fylgir 200 þúsund króna aukahlutapakki* að eigin vali. Sjáumst um helgina í sumarskapi.

Gestir verða leystir út með birkigræðingum í tilefni af umhverfismánuði Toyota.



Toyota Kaptúni
Kauptúni 6

info@toyota.is

570 5070

toyota.is



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

* Tilboðið gildir fyrir upprunalega Toyota aukahluti með öllum bifreiðum að undanskildum Land Cruiser 150 Adventure og Hilux Invincible.



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK



**BERGSTAÐARSTRÆTI 60,
112 REYKJAVÍK**

VERÐTILBOÐ

424,8 fm. heil húseign. Húsið er hægt að nýta á margan hátt. T.d. sem margar litlar íbúðir, fjölda útleiguherbergja o.fl. Stutt í alla þjónustu, göngufæri við Umferðarmiðstöðina.



NÁNARI UPPLÝSINGAR:

ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR
692 0149 - erla@stakfell.is



Fjöldi þingmanna biður enn svara við fyrirspurnum nú þegar þingi fer að ljúka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Björn Leví biður svars við fjölda fyrirspurna

Þingmenn biða skriflegra svara ráðherra við 125 fyrirspurnum. Þær elstu eru frá síðastliðnu hausti. Flestar fyrirspurnanna eru á borði fjármálaráðherra, Bjarna Benediktssonar. Ósvaraðar fyrirspurnir falla niður við þinglok.

STJÓRNSÝSLA Á annað hundrað fyrirspurnum alþingismanna til ráðherra er enn ósvarað nú þegar þingið er á lokametrunum. Fyrirspurnum sem beint er til ráðherra með beiðni um skriflegt svar ber að svara innan tíu virkra daga. Margar fyrirspurnanna sem enn er ósvarað eru frá fyrstu vikum ársins og nokkrar frá því fyrir áramót. Fyrirspurnir sem ekki hefur verið svarað falla niður við þinglok og þingmenn þurfa að leggja þær aftur fram í upphafi nýs þings vilji þeir enn fá svör við spurningum sínum.

Fyrirspurnabúningurinn er mjög mismikill eftir ráðuneytum. Fjármála- og efnahagsráðherra á flestum fyrirspurnum enn ósvarað, alls 29. Sú elsta er frá því í september á síðasta ári frá Óla Birni Kárasyni um breytingar á sköttum og gjöldum.

Tuttugu fyrirspurnir biða menntamálaráðherra. Tvær eru frá því í fyrra. Sú eldri einnig frá Óla Birni Kárasyni um ríkisútvarpið og þjónustusamninga. Hún var lögð fram í september.

Hjá dómsmálaráðherra biða 19 fyrirspurnir svara. Þær elstu frá því í mars. Meðal þeirra er fyrirspurn Þorsteins Sæmundssonar um kaupendur fullnustueigna íbúða-

Efni nokkurra ósvaraðra fyrirspurna:

- Hlutverk fjölmiðlanefndar
- Tekjur Ríkisútvarpsins
- Birting dóma og úrskurða héraðsdómstóla
- Greiðslur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til sérfræðinga
- Kostnaður vegna þriðja orkupakkans
- Sala á ríkisjörðum
- Starfsmenn á launaskrá forsætisráðuneytisins
- Auðlindarentuskattur
- Eignasafn Seðlabanka Íslands og Hildu ehf.
- Fjárframlög ríkisins og markaðar tekjur vegna vegamála
- Hugbúnaðarkerfið Orri
- Launabreytingar hjá ríkisforstjórum

Fjöldi fyrirspurna hjá ráðuneytum

Ráðherra	Fjöldi ósvaraðra fyrirspurna
Forsætisráðherra	4
Fjármála- og efnahagsráðherra	29
Utanríkisráðherra	5
Dómsmálaráðherra	19
Ferðamála- og nýsköpunarráðherra	4
Heilbrigðisráðherra	14
Félags- og barnamálaráðherra	6
Mennta- og menningarmálaráðherra	20
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra	5
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra	12
Umhverfis- og auðlindaráðherra	7

lánasjóðs og fyrirspurn Helgu Völu Helgadóttur um kostnað vegna skipunar dómara við Landsrétt.

Fjörtán fyrirspurnir liggja ósvaraðar hjá heilbrigðisráðherra. Þær eru hins vegar ekki eins gamlar syndir og víða annars staðar. Elstu fyrirspurnirnar eru dagsettar í apríl.

Elstu fyrirspurnirnar sem biða á borði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eru frá því í mars á þessu ári. Þær eru frá Ingu Sæland og varða allar fiskeldi; um rekstrarleyfi, sjókvíeldi og laxalús. adalheidur@frettabladid.is

28

fyrirspurnum frá Birni Leví Gunnarssyni er ósvarað.

Kenna Írönum um árás á Ómanflóa

BANDARÍKIN Íranar stóðu að árásum sem gerðar voru á tvö olíuflutningaskip á Ómanflóa á fimmtudag. Þetta sagði Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á blaðamannafundi í gær. Enginn úr áhöfn skipanna först í árásunum.

„Það er mat Bandaríkjanna að íslamska lýðveldið Íran sé ábyrgt fyrir árásunum á Ómanflóa í dag,“ sagði Pompeo. Sú færni sem hafi þurft til að gera árás sem þessa þýði að engin samtök eða leppher hafi geta staðið að árásunum.

Pompeo sagði þetta mat Bandaríkjanna byggja á upplýsingum sem þeir hafa sankað að sér. Bandaríska utanríkisráðuneytið hefur ekki gert þær upplýsingar opinberar. Annað skipið var japanskt, hitt norskt.

Fjórar sams konar árásir voru gerðar í síðasta mánuði á sama



Hér sést norska skipið sem ráðist var á á Ómanflóa í gær. NORDICPHOTOS/AFP

stað. Þá sögðu Sameinuðu arabísku furstadæmin útlit fyrir að ríki hefðu verið að verki, ekki hryðjuverkasmátök. Íran var þó ekki nefnt á nafn. Tvö skipanna voru sáðiarabísk, eitt frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum og eitt norskt.

Javad Zarif, utanríkisráðherra

Írans, sagði árásirnar afar grunsamlegar og tók sérstaklega fram í því samhengi að annað skipið í gær hefði verið japanskt og árásin gerð þegar Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, er í heimsókn í Íran. Stjórnvöld í Íran hafa neitað því að tengjast árásunum. – þea

KRONAN

GRILLJÓN

Ástæður til að grilla



ÁSTÆDA
3.030

... því það er svo fljótlegt



www.kronan.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook





OPEL

AMPERA-E


LOKSINS!

100% rafmagnsbíll sem heldur ekki aftur þér

ALLT AÐ 500 KM Á EINNI HLEÐSLU*



TIL AFHENDINGAR Í JÚLÍ



Sumar STUÐ

Bílabúðar Benna

Fjölskylduhátíð að Krókhálsi 9 á morgun kl. 12–16

Pylsur, ís, lifandi tónlist, Sirkus Íslands, andlitsmálning,
candyfloss og margt fleira.

Stjörnu-Sævar fræðir gesti um undraheima rafmagnsins
og opnar formlega fyrir forsölu á Opel Ampera-e.

ON – Orka náttúrunnar – kynnir ON-lykilinn,
Hleðslu-appið og fleira tengt rafbílum.



Verð frá 5.590.000 kr.**

8 ára ábyrgð á rafhlöðum og vél

Forsala hefst á opel.is
laugardaginn 15. júní kl. 13.00

Rafmagnsvél	150 kW	Gírskipting	Sjálfskipting
Hestöfl	204	Tog	360 Nm
Hröðun 0-100	7,3 sek.	CO ₂	0
Intellilink margmiðlunarkerfi með 10,2" snertiskjá			
8" stafrænn litaskjár í mælaborði			
Aðgerðarstýri með fjarstýringu á hljómtæki og hraðastilli			
Bakmyndavél með 360° sjónarhorni			
Þráðlaus hleðsla fyrir snjallsíma			
7,2 kw hleðslukapall			

*Sjá reiknivél á opel.is

**Verð miðast við gengi 31. maí 2019

Nánari upplýsingar á opel.is

Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúðar
Benna

Sigurinn ekki unninn hjá Johnson

Rúmlega þriðjungur þingmanna Íhaldsflokksins greiddi atkvæði með Boris Johnson í fyrstu umferð leiðtogakjörs flokksins í gær. Fékk meira en tvöfaldan atkvæðafjölda næstefsta manns. Einu konurnar dattu úr leik. Johnson getur þó ekki fagnað sigri strax.

BRETLAND Boris Johnson, hinn litríki fyrrverandi utanríkisráðherra Breta, er í yfirburðastöðu í leiðtogavali Íhaldsflokksins eftir gærðaginn. Fyrsta umferð atkvæðagreiðslu þingflokks fór fram í gær og þurftu frambjóðendurnir tíu að fá að minnsta kosti sautján atkvæði til þess að detta ekki úr leik.

Mark Harper, Esther McVey og Andrea Leadsom féllu á prófinu og standa því sjö eftir. Leadsom og McVey voru einu konurnar sem gáfu kost á sér og því ljóst að arftaki Theresu May á forsætisráðherrastóli verður karlkyns.

Fyrirfram var búist við því að Rory Stewart, ráðherra þróunar- aðstoðarmála, myndi eiga erfitt uppdráttar enda höfðu einungis sex þingmenn opinberlega lýst yfir stuðningi við framboð hans. Stewart gerði sér þó lítið fyrir og nældi sér í níttján atkvæði.



Johnson horfir kannski til framtíðar hér. Ef til vill að reyna að komast að því hvort hann vinni. NORDICPHOTOS/AFP

Óvinsældir í Evrópu

Þótt Johnson njóti töluverðra vinsælda innan Íhaldsflokksins virðist hann ekki vera í náðinni á meginlandinu og er óttast um áhrif hans á útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Að minnsta kosti ef marka má þau skrif evrópskra fjölmiðla á meginlandinu sem The Guardian tók saman og greindi frá í gær.

Franska blaðið Le Monde sagði í leiðara að Johnson væri algjörlega ókunnugur rökum og hefði reist feril sinn á svikum, mistökum og klúðri. Hann yrði „Litli-Trump hinum megin við Ermarsundið“.

De Volkskrant í Hollandi líkti Johnson við rótlausan sjóræningja og hið þýska Handelsblatt sagði að Johnson gæti orðið banabiti Breta. Þá sagði í spænska El País að svo virtist sem andstæðingar ESB innan Íhaldsflokksins „virtust hafa gleymt efasemdum sínum um ófyrirsjáanlegan persónuleika“ Johnsons.

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við gististaði

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Eitt af áhersluatriðum áætlunarinnar eru orkuskipti í samgöngum sem er stærsti losunarþátturinn sem snýr að beinum skuldbindingum Íslands.

Markmiðið með verkefninu er að fjölga hleðslustöðvum við gististaði þannig að mögulegt verði að auka hlutdeild rafbíla í ferðaþjónustu. **Þeir gististaðir sem falla undir liði (a) og (b) í 4 gr. reglugerðar nr. 1277/2016, geta sótt um styrki til uppsetninga á hleðslustöðvum.**

Við úthlutun styrkja verður miðað við að:

- Verkefnið leiði til uppsetningar á hleðslustöðvum í öllum landshlutum þannig að notendur rafbílaeigubíla geti ferðast um landið með öruggu aðgengi að hleðslustöðvum á næsturstað.
- Þegar fleiri en einn sækir um uppsetningu stöðva á sama svæði, þá er sá umsækjandi valinn þar sem kostnaður við uppsetningu er lægstur miðað við fjölda gesta sem nýtt geta hleðslustöðina
- Við uppsetningu hleðslustöðva verði hugað að aðgengi fatlaðra

Til úthlutunar í eru 50 m.kr. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2019.

Rafrænar umsóknir sendist um þjónustugátt af vef www.os.is

Staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 15. október 2019

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Sími: 569 6083. Netfang: jbj@os.is.



ORKUSTOFNUN

ORKUSJÓÐUR

Óskoraður sigurvegari gærðagsins er hins vegar Johnson. Hann fékk 114 atkvæði, eða rúman þriðjung. Næsti maður, Jeremy Hunt, arftaki Johnsons í utanríkisráðuneytinu, fékk 43 atkvæði. Michael Gove umhverfismálaráðherra fékk 37, Dominic Raab útgöngumálaráðherra 27 og Sajid Javid innanríkisráðherra 23. Matt Hancock fékk svo tuttugu atkvæði.

Þótt Johnson hafi fengið langflest atkvæði og mælist vinsælastur í skoðanakönnunum á meðal almennra flokksmanna er sigurinn ekki enn unninn. Í næstu umferð, sem fer fram eftir helgi, verður kosið endurtekið þar til aðeins tveir standa eftir og eftir það velja almennir flokksmenn á milli þeirra tveggja.

Þetta þýðir að þeir 199 þingmenn sem greiddu Johnson ekki atkvæði sitt í gær gætu sameinast um annan frambjóðanda. Áður hefur það gerst að sigurvegari fyrstu umferðar situr

eftir með sárt ennið að lokum. Til að mynda þegar David Davis tapaði fyrir David Cameron í leiðtogakjöri árið 2005, líkt og Iain Watson, stjórnmálaskýrandi breska ríkisútvarpsins, minntist á í gær. Þá var munurinn hins vegar mun minni á milli efstu manna. Davis fékk 62 en Cameron 56 samanborið við 114 hjá Johnson nú og 43 hjá Hunt.

Sami stjórnmálaskýrandi tók einnig fram að það gæti komið sér vel fyrir flokksmenn persónulega að styðja Johnson sem fyrst. Því fyrr sem maður sýnir leiðtoga stuðning þeim mun líklegri væri hann til þess að gera viðkomandi að ráðherra. thorgnyr@frettbladid.is

Fordæma ákvörðun Javid

BRETLAND Bládamannafélag Íslands fordæmði í gær ákvörðun Sajid Javid, innanríkisráðherra Bretlands, um að verða við framsalsbeiðni Bandaríkjanna á Julian Assange, stofnanda WikiLeaks. „Það er óviðunandi að farið sé með mann sem sinnir því grundvallar bládamennskuhlutverki að koma mikilvægum upplýsingum á framfæri við almennig sem hvern annan glæpamann,“ sagði í tilkynningu á vef félagsins.

Félag fréttamanna á RÚV gerði slíkt hið sama. „Framganga Bandaríkjanna í þessu máli er ógn við frelsi fjölmiðla. Hætt er við því að mannréttindi Assange verði þar fyrir borð borin þar sem stjórnvöld ganga fram af mikilli og ómaklegri hörku í máli hans,“ sagði í fýrlýsingu.

Dómstólar í Bretlandi eiga eftir að úrskurða um hvort Assange verði



Framsalinu hefur verið mótmælt af miklum krafti. NORDICPHOTOS/AFP

framseldur og verður málið tekið fyrir í dag. Bandaríkjamenn hyggjast rétta yfir Assange fyrir meðal annars brot á lögum um njósnir en hann er sakaður um að hafa sóst eftir og birt leyniskjöl og átt í þátt í samsæri um tölvuinnbrot.

Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks, sagði í samtali við Fréttablaðið.is í gær að ákvörðun Javid kæmi ekki á óvart. – þea

ALLAR PIZZUR AF MATSÆLI Á 1.590 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 10.–16. JÚNÍ 2019

DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

holl og góðfæða stuðlar
að líkamlegu heilbrigði
sem börn eiga rétta.



NORTH BEDS DAGAR

NORTH
BEDS
SCANDINAVIAN SLEEPING

WWW.ILVA.IS/NORTHBEDS

25%

AF NORTH BEDS OG FRÍ
HEIMSENDING Á HÖFUÐ-
BORGARSVÆÐINU EF VERSLAÐ
ER FYRIR 59.000 KR. EÐA
MEIRA 14. - 16. JÚNÍ

LYSEFJORD N°5859

120x200 cm 119.900 kr. Nú 89.925 kr.
160x200 cm 149.900 kr. Nú 112.425 kr.
180x200 cm 159.900 kr. Nú 119.925 kr.

25 ÁRA
ÁBYRGÐ

ACTIVE SONE
SYSTEM

CONFIDENCE
IN TEXTILES
Tested for harmful substances
according to Oeko-Tex® Standard 100
00000000

CertiPUR

DESIGNED
IN NORWAY
PRODUCED IN EUROPE



30-40% AF ALLRI SUMARVÖRU



SÓFI 119.900
NÚ 83.930
SPARAÐU 35.970

HÆGINDASTÓLL 59.900
NÚ 41.930
SPARAÐU 17.970

ALASSIO hægingdastóll. 59.900 kr. Nú 41.930 kr. 2ja sæta sófi. 119.900 kr. Nú 83.930 kr. CERVO borð. 2 í setti. 49.900 kr. Nú 34.930 kr.

30%



HEIMDAL sófaborð. Ø60 cm. 29.900 kr.
Nú 20.930 kr.

30%



POGLI stóll. Ýmsir litir. Staffanlegur. 11.900 kr.
Nú 8.330 kr.

41%



HAVANA stóll. Poly rattan. 12.900 kr. Nú 7.495 kr.

41%



SUMMER eldstæði. Ø75 cm. 16.900 kr.
Nú 9.900 kr.

30%



CABO legubekkur. Viðarlituð eða svört grind. L200 cm. 69.900 kr. Nú 48.930 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgiró
VALITOR



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

Nýr veruleiki



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Líklega hefur hagkerfi Íslands sjaldan tekið eins miklum stakkaskiptum á jafn skömmum tíma. Það er nánast sama hvert er lítið. Á aðeins örfáum árum hefur Ísland breyst frá því að vera jafnan með viðvarandi viðskiptahalla í fjármagnsútflytjanda, byggt upp stóran gjaldeyrisforða á meiri hraða en dæmi eru um hjá nokkru öðru ríki, skuldir ríkissjóðs hafa farið ört lækkanði og nema aðeins um 30 prósentum af landsframleiðslu, þjóðhagslegur sparnaður er í hæstu hæðum og eignastaða þjóðarbúsins við útlönd er jákvæð um 600 milljarða. Sökum þessara sterku stöðu, sem birtist okkur meðal annars í því að ríkið getur nú sótt sér erlent fjármagn á hagstæðari kjörum en áður hefur þekkt, er orðið raunhæft að ætla að Ísland færist nær því að vera í hópi lágvaxtaríkja í náninni framtíð.

Það er við þessar fordæmalausu efnahagsaðstæður sem nýr seðlabankastjóri verður skipaður síðar á árinu. Sextán manns sækjast eftir embættinu, sumir eiga talsvert meira erindi í stólinn en aðrir, og sérstök hæfisnefnd vinnur nú að því að meta hæfi umsækjenda. Þótt skipunarvaldið sé formlega í höndum forsætisráðherra má ganga að því sem vísu að val á seðlabankastjóra, einu mikilvægasta og valdamesta embætti landsins, sé ákvörðun af þeim toga að hún verði tekin í sameiningu af stjórnarflokkunum þremur. Þá er mikilvægt að hafa í huga að niðurstaða hæfisnefndarinnar, sem virðist hafa nálgast verkefni sitt með sérstæðum hætti, er á engan hátt bindandi heldur aðeins leiðbeinandi.

Verðandi seðlabankastjóra biður vandasant verkefni. Til stendur að fjölga bankastjórum í fjóra – einn aðalseðlabankastjóra og þrjú varabankastjóra sem skipta með sér verkum – og þá verður bankinn og Fjármálaeftirlitið sameinað. Við þá sameiningu, sem er rétt og löngu tímabær ákvörðun, verður til þrjú hundruð manna stofnun með heildarsýn á hagkerfið. Í þeirri vegferð má öllum vera ljóst að það skiptir sköpum að sá sem verður skipaður seðlabankastjóri búi yfir raunverulegri og framúrskarandi stjórnendareynslu, helst af fjármálamarkaði, og hafi eins sýnt það í störfum sínum að viðkomandi geti leitt farsællega til lykta verkefni af slíkri stærðargráðu. Með þau skilyrði að leiðarljósi kvarnast mjög úr hópi umsækjenda sem ættu að koma til greina í embættið.

Trúverðuleiki og umgjörð peningastefnunnar hefur vissulega batnað til muna síðustu ár. Meira máli skiptir hins vegar sú kerfisbreyting sem hefur orðið á grunngerð hagkerfisins. Nú þegar einu lengsta hagvaxtarskeiði lýðveldissögunnar er lokið þá hafa vextir Seðlabankans samt farið lækkanði og standa nú aðeins í fjórum prósentum. Sögulega séð sætir það stórtíðindum og að óbreyttu má fullyrða að vextirnir verði komnir undir þrjú prósent áður en langt um líður. Nýr efnahagsveruleiki blasir nú við, sem grundvallast á sjálfstæðri mynt og Seðlabanka sem hefur yfir að ráða 800 milljarða gjaldeyrisforða í vopnabúrinu, þar sem allar vaxtabreytingar, hversu litlar sem þær eru hverju sinni, munu ráða miklu um væntingar fjárfesta og markaðsaðila. Aldrei áður hefur verið eins mikilvægt að næsti seðlabankastjóri hafi til brunns að bera þekkingu og skilning á samspili fjármálamarkaða og atvinnulífs. Hver þá verður er ákvörðun forystumanna ríkisstjórnarinnar með þeirri pólitísku ábyrgð sem henni fylgir. Það hlutverk getur aldrei verið framselt til andlitslausra nefndarmanna.



Hver þá verður hlýtur ávallt að vera ákvörðun forystumanna ríkisstjórnarinnar með þeirri pólitísku ábyrgð sem henni fylgir.

Halldór



Frá degi til dags

Utanþingsráðherrum komið fyrir
Hæfisnefndin sem fer yfir umsóknir um stöðu seðlabankastjóra skilar endanlegri niðurstöðu fyrir eða eftir helgi. Sú saga verður sífellt háværari að það liggja nú þegar fyrir að Gylfi Magnússon, fyrrverandi utanþingsráðherra í vinstristjórninni, verði valinn. Valið er endanlega í höndunum á forsætisráðherra, sem sat með Gylfa í ríkisstjórn. Háværasta sagan er þó að það sé aðeins tímarspursmál þangað til Ragna Árnadóttir, sem var einnig utanþingsráðherra í sömu stjórn, verði gerð að skrifstofustjóra Alþingis. Mun það hafa verið gert að upplagi forseta Alþingis... sem sat líka í sömu ríkisstjórn.

Skoðanir afhjúpaðar
RÚV greindi frá því í gær að fréttamenn RÚV fordæmdu harðlega bresk stjórnvöld vegna yfirvofandi framsals Julians Assange til Bandaríkjanna. Málið vekur vissulega upp stórar spurningar um réttlæti í mannlegu samfélagi og leyndarbrölt stórvelda. Það verður þó að teljast skritið að sjá ríkisfjölmiðilinn fjalla um hvað starfsmönnum ríkisfjölmiðilsins finnst um mál liðandi stundar. Verður það að teljast ansi mikil afhjúpun á skoðunum þar innanhúss þegar bæði bresk og bandarísk stjórnvöld fá á baukinn og talað er um lýðræðisógnir. arib@frettabladid.is

Framfaraskref fyrir innflytjendur



Kolbeinn Ottarsson
Proppe
alþingismaður
VG

Alþingi samþykkti í vikunni þingsályktunartillögu um að komið verði á fót ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur. Auk mín voru á tillögunni fleiri úr þingflokki Vinstri grænna. Það er mikið ánægjuefni að málið hafi náð í gegn, en nú biður ráðherra félagsmála að útfæra tillöguna betur og hvernig að ráðgjafarstofunni verði best staðið. Í þeirri vinnu er gríðarlega mikilvægt að vera í sem bestu samstarfi við þau sem að málaflökknum koma.

Það að taka sig upp og setjast að í nýju samfélagi getur verið erfitt, sama af hvaða völdum það er. Fólk sem finnur sig statt í nýju umhverfi, þekkir ekki réttindi sín og skyldur, hvernig það best getur komið sér fyrir í nýju samfélagi. Það að hjálpa fólki við þær aðstæður er því sjálfsagt mál. Ráðgjafarstofa innflytjenda mun einmitt gera það, vera gátt inn í nýtt samfélag fyrir fólk sem af einhverjum ástæðum hefur ákveðið að setjast hér að, til skemmir eða lengri tíma. Nógu erfitt getur verið fyrir okkur sjálf að vita hvert best er að snúa sér í hinum ýmsu aðstæðum, hvað þá þegar maður talar ekki tungumálið og þarf að sækja sér þjónustu eða er í atvinnuleit.

Okkur, sem höfum dvalið langdvöldum hér á landi og sum jafnvel frá fæðingu, getur reynst erfitt að skilja það regluverk sem hið opinbera hefur sett utan um líf okkar. Það er ennþá flóknara fyrir fólk sem er nýtt í samfélaginu. Þetta þekkjja þau sem hafa dvalið í öðrum löndum, í dag eru um 47 þúsund Íslendingar til dæmis búsettir í öðrum löndum en Íslandi. Þeir lesendur sem það hafa reynt geta velt því fyrir sér hvort ekki hefði verið gott að geta sótt þjónustu í álika stöfun og einhver hafa kannski gert það, því þær eru víða til.

Því meira sem flækjustigið verður, því meira sem fólk þarf að fara af einum stað á annan og jafnvel fara bönleitt til búðar því það er ekki á réttum stað, því verr líður fólki. Skilvirknin er svo annað mál, en fyrst og fremst eigum við að hugsa út frá líðan fólks.

Afi minn og amma kenndu mér að taka vel á móti gestum, það á enn frekar við um innflytjendur. Því það er fólk sem hefur ákveðið að sækjast eftir því að vera hluti af okkar samfélagi. Þjóðum það velkomið.



Afi minn og amma kenndu mér að taka vel á móti gestum, það á enn frekar við um innflytjendur.

Grímur og skraut
Fyrir árshátíðina

Helium frá 2990

HÓKUS PÓKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Minningar sem skolast burt

Í DAG



Þórlundur
Kjartansson

Fyrir í vor var sagt frá áhuga-verðri vísindarannsókn í tímaritinu The Economist. Það hafði vakið áhuga nokkurra náttúruvísindamanna og sagnfræðinga í Tékklandi að þar í landi hafði það ítrekað gerst í kringum ár og fljót að mannskæð flód þurrkuðu hluta heilu byggðarlaganna út. Vísindamennirnir skoðuðu göng og menjar á öllu svæðinu sem tengist Moldá og vatnasvæðinu sem safnast í hana. Þeir komust að því að á umliðnum þúsund árum eða svo hefði það gerst á um það bil 100 ára fresti að mikil hamfarafloð hefðu valdið gríðarlegu tjóni á bæjum í kringum ána, þannig að íbúum stóð veruleg hættu af. Fyrsta tilvikid sem þeir skoðuðu átti sér stað árið 1118 en hið síðasta árið 1845.

Fólkinu við fljótið var vorkunn. Fram að hamfarafloðunum höfðu jafnvel elstu menn ekki orðið vitni að neinu sem bent gat til þess að íbúar svæðisins væru í hættu. Engum gat dottið í hug að það væri slæm hugmynd að byggja hús við friðsælan árbakkann þar sem vingjarnlegt fljótið streymdi hjá í

fyrirsjáanlegri og meinlausri sátt við byggðirnar og borgarana.

Óvænt flóð

En svo gerðist það sem enginn gat spáð fyrir um. Vatnsmagnið í ánni margfaldaðist, straumurinn þyngdist og stórir hlutar bæjanna urðu yfirflæði árbakkans að bráð. Svona flóð eru með hrikalegustu náttúruhörmungum. Manntjón getur verið skelfilegt þar sem fólk er ýmist þrifið með straumnum eða horfir á eftir ástvinum sínum hverfa bjargarlausu út í opinn dauðann. Lausamunir og mannvirki eiga litla von á móti vatnsflaumnum og eftir mikil flóð geta staðið eftir algjörlega vængbrotin samfélög. Hamfarafloð ættu því ekki að þurrkast svo glatt úr sameiginlegu minni þeirra sem eftir lifa.

Vísindamennirnir vildu skoða þetta og þeir tóku eftir því að í hvert skipti sem hamfarafloð höfðu skolað burtu þeim hluta bæjanna sem næst stóðu árbakkanum þá fóru bæjarbúar varlega í endurbýggingunni, leituðu ofar í hliðarnar og auðvitað datt engum í hug að byggja sér og fjölskyldu sinni heimili á bletti þaðan sem nýlega hafði allt skolast á haf út. Slíkt væri augljóst glapræði svo skömmu eftir að náttúran hafði sýnt hvað í henni bjó. Þannig að eftir hamfarirnar þá hófst endurbýgging bæjanna um það bil í grenn við þann stað þar sem flóðið hafði náð hæst. Það virkar rökrétt.



Það er nú allt og sumt langtímaminnið—25 ár og þá er byrjað að storka örlögunum á ný.

Varkárnin tapast

En hvernig gat það gerst að á svipuðum slóðum og við sömu ár hafi hamfarafloðunum tekist að valda tjóni á mönnum og mannvirkjum á um það bil einnar aldar fresti? Urðu flóðin sífellt stærri og náðu herra upp í hliðarnar þar sem byggðina var að finna? Nei. Það var vist ekki þannig.

Þegar elstu manna minni fór að förla og úr því hverfur upplifun og vitneskja um gríðarflíð í straumnum, þá fer það smám saman að virðast furðulegt að skilja eftir óbyggð svæðin sem næst liggja árbakkanum. Vísindamennirnir tóku eftir því að smám saman var byrjað að skipuleggja byggðina nær og nær þeim slóðum þar sem áin hafði áður tortímt öllu því sem mennirnir höfðu lagt á sig að byggja upp. Annars vegar fölnuðu minningarnar og hins vegar bar að garði nýtt fólk sem hafði ekki hugmynd um hamfarirnar og smám saman fór fólk að muldra með sér: „Hvaða vitleysa er að byggja ekki á þessu frábæra landi

niðri við ána?“ Og eftir því sem vetur og sumur liða áfram án þess að nokkur minnsta hættu virðist vera á því að eitthvað raski ró hins óbyggða lands við bakkann þá fer varkárnin í skipulagsmálum að virðast sífellt afturhaldssamari og örökréttari. Byrjað er að byggja ögn neðar og sagt: „Sjáið bara, ég byggði hús fyrir neðan neðstu línu bæjarins, og ekkert slæmt gerðist.“

Og aðrir bæjarbúar og aðkomumenn horfa á þróunina og sjá smám saman að það er alveg rétt. Það er bara allt í góðu lagi með þá sem brutu upp hefðina og byggðu ögn neðar en neðsta lína bæjarins. Og þá kemur einhver og segir: „Ég sé að það er ekkert mál að byggja eina línu fyrir neðan þá gömlu, og það kæmust mörg hús fyrir niður að árbakkanum á svæði sem engin flóð hafa komið nálægt í mörg ár. Ég byggi neðar.“

Og allir sjá að það er bara í finu lagi að byggja aðeins neðar. Svona gengur þetta koll af kalli þangað til byggðin í bænum er komin aftur á sama stað og hún var á daginn áður en hamfarafloðið hafði rífið burtu bæði manneskjur og mannvirki af öllum tóngum og eyrum og jafnvel út úr háum hliðum.

Áin hefnir

Svo gerist það auðvitað aftur sem allir voru búnir að gleyma. Áin hefnir sín á virðingarleysinu og bæjarbúar þurfa að horfa upp á tjón á fólki og eignum, syrgja skaðann og byrja svo að byggja upp á nýtt. Þeir byrja aftur hátt uppi í

hliðunum til þess að vera öruggir fyrir næsta flóði og halda sig í öruggri fjarlægð frá öllu því svæði sem áin gæti grandað næst. En svo gerist það á ný að elstu menn deyja, nýtt fólk flytur í bæinn og enginn man lengur af hverju ekki má byggja á öllu þessu þrýðilega láglendi í kringum ána.

Og hvað ætli að taki langan tíma áður en byrjað er að byggja á svæði sem svo nýlega varð flóði að bráð? Samkvæmt samantekt tékkneska fræðafólksins byrjar það að gerast um það bil aldarfjórðungi frá hamförunum að íbúar bæjanna fara að byggja fyrir neðan línuna sem síðasta flóð náði. Og eftir því sem áin er friðsæl í lengri tíma, þeim mun lengra í átt til Moldár mjakast byggðin þar til hún er komin á sama stað og daginn fyrir síðasta flóð. Það er nú allt og sumt langtímaminnið—25 ár og þá er byrjað að storka örlögunum á ný.

Til hamingju með afmælið

Þá að algjörlega allt öðru. Það er ekki ýkja langt síðan algengt var að frumkvöðlar og athafnafólk á Íslandi töldu sig gjarnan þurfa að heimsækja skrifstofur ráðuneyta og ráðherra til þess að fá leyfi og gott veður fyrir þeim hugmyndum sem til stóð að framkvæma. Núna virkar það fjarstæðukennt. Það breyttist nefnilega margt þegar stigum það heillaskref að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Í ár eru einmitt liðin 25 ár frá því það gerðist. Til hamingju með það.

RENAULT ZOE

PRÓFAÐU 100%
RAFBÍL Í 24 TÍMA!



RENAULT
Passion for life

Renault ZOE – verð: 3.790.000 kr.
TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Hafðu samband við sölumenn Renault og tryggðu þér 100% rafdrifinn ZOE til reynslu í 24 tíma. Renault ZOE hefur algjöra sérstöðu í þessum stærðarflokki rafbíla með 300 km uppgæfið drægi.* ZOE er að auki, eins og aðrir nýir Renault bílar, með ríkulegan staðalbúnað. Taktu græna skrefið og prófaðu Renault ZOE 100% rafbíl.

*Uppgæfið drægi miðast við WLTP staðal.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



RÉTTUR MÁNAÐARINS ÞÚ ELDAR Á 20-30 MÍN



Nautakjötsréttur fyrir 2

Austurlenskur nautapottréttur með fersku grænmeti og kartöflumús

2.498 kr/pk

Tilboð gilda út 17. júní



Spicy majo frábært með frónskunum og á borgarann

349 kr/stk



Aviko Steak Fries Fullkomið meðlæti

339 kr/pk



Sweet baby rays BBQ sósa dýfa í eða setja á

Verð frá **399** kr/stk



Green cola Án sykurs, aspartam og rotvarnarefna. 100% bragð

159 kr/stk



Deliciou Bacon krydd er frábært á poppið, grænmetið, franskarnar og borgarann

899 kr/stk




Oetker Rustica pizzur

719 kr/stk

Verð áður 899 kr/kg

20%
afsláttur



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

Meira grill

15%
afsláttur



La Boulangère franskt brioche hamborgarabrauð

329 kr/pk



Smash Style hamborgarar

2 x 100 g

450 kr/pk
Verð áður 529

2 x 120 g

509 kr/pk
Verð áður 599

2 x 140 g

594 kr/pk
Verð áður 699

2 x 250 g

1.104 kr/pk
Verð áður 1.299

Hagkaups hamborgarasósa

349 kr/stk

Ferskar kryddjurtir

25%
afsláttur



Hagkaup grilllæri

2.099 kr/kg
Verð áður 2.799 kr/kg



20%
afsláttur

Grillbringur
Spicy Lemon og Black Garlic

1.999 kr/kg
Verð áður 2.499 kr/kg



20%
afsláttur

Kryddlegnar miðlærisneiðar

2.719 kr/kg
Verð áður 3.399 kr/kg

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga



Fanneý var heiðruð af Kraftlyftingasambandi Íslands og Íþróttasambandi Íslands eftir að hafa varið Evrópumeistaratilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erfitt að vita ekki hvað er að

Kraftlyftingakonan Fanneý Hauksdóttir hefur ekki náð að fylgja eftir frábærri byrjun á kraftlyftingakerlinum vegna meiðsla á öxl sem eru að plaga hana og læknar finna ekki lausn á vandamálum hennar.

KRAFTLYFTINGAR Fanneý Hauksdóttir kraftlyftingakona hefur lítið náð að beita sér undanfarið ár vegna erfiðra meiðsla í öxl. Seltingurinn Fanneý var komin í fremstu röð í heiminum og varð Evrópumeistari í klassískri bekkpressu fjórða árið í röð haustið 2017. Þá varð hún heimsmeistari í bekkpressu án búnaðar árið 2016.

Frá því að Fanneý varð Evrópumeistari á haustdögum 2017 hefur hún aðeins náð að taka þátt í tveimur opinberum mótum. Fanneý náði í gullverðlaunin á Íslandsmóttinu í klassískri bekkpressu í fyrri og fékk svo silfurverðlaunin í sínum flokki í klassískri bekkpressu á Evrópumóttinu sem fór fram í Frakklandi í fyrri.

Í samtali við Fréttablaðið segir Fanneý það erfitt að lýsa þessum meiðslum enda hefur ekki tekist að finna nákvæmlega út úr því hvað er að plaga hana.

„Það er erfitt að segja hvað er nákvæmlega að öxlinni. Ég hafði

lengi fundið fyrir smá eymslum í öxlinni en í apríl í fyrri kom eitthvað upp á og ég gat ekki lyft af sama krafti. Það kom tími þar sem ég gat varla lyft stönginni og þá fór ég að hitta sjúkraþjálfara og lækna,“ segir Fanneý um það þegar meiðslin tóku sig upp stuttu eftir Íslandsmótið 2018. Hún fékk sprautu til að reyna að stilla af verkina.

„Ég fékk þá sprautu sem gerði mér kleift að keppa í ágúst en eins og læknarnir segja, sprautu er engin lausn til lengri tíma. Í mínu tilfalli gerði hún ekki mikið þótt mér hafi tekist að fara á mótið í ágúst. Ég æfði mjög skynsamlega í aðdraganda mótsins og komst þokkalega frá því. Þá hélt ég að þetta væri komið og ég ákvað að auka álagið til að komast á EM í október,“ segir Fanneý sem tók undir að keppnisskapið hefði ef til vill náð yfirhöndinni.

„Á EM var notast við búnað sem þýðir meiri þyngdir og eftir það varð ég í raun mun verri. Ég hef ekkert náð mér almennilega eftir það.“

●● **Þetta er ennþá að plaga mig í dag og það erfiðasta við þetta allt saman er að það er ekki alveg ljóst hvað er að.**

Fanneý Hauksdóttir

Fanneý hefur hitt marga sérfræðinga en ekki fengið lausn við vandamálum sínum.

„Þetta er enn þá að plaga mig í dag og það erfiðasta við þetta allt saman er að það er ekki alveg ljóst hvað þetta er. Fyrir vikið er ekki hægt að skipuleggja endurhæfingu með það að markmiði að finna lausnir. Fyrir vikið er þetta búíð að vera mikið þúsluspil með sjúkraþjálfurum að prófa okkur áfram,“ segir Fanneý og hélt áfram:

„Það hefur verið erfitt fyrir hausinn, andlegu hliðina, að vera ekki að vinna að einhverri ákveðinni endastöð. Það er búíð að mynda þetta og skoða hátt og lagt en ekki fundist lausn. Ég æfi enn þá, æfi mikið aukalega til að styrkja mig en ég er ekki að ná að æfa almennilega í bekkpressu. Meiðsli eru hluti af því að vera íþróttamaður, þetta hefur tekið lengri tíma en ég hélt en ég er harðákveðin í að snúa aftur,“ segir Fanneý.

„Kannski eru þetta afleiðingar af öllu því álagi sem það fylgdi að keppa í kraftlyftingum. Fólk getur verið heillengi í kraftlyftingum, kannski er ég búin að toppa og kannski kem ég aftur öflugri en nokkru sinni fyrr. Núna einblíni ég bara á að komast aftur á keppnisgólfið og geri allt það sem ég get til þess á sama tíma og ég tek einn dag í einu og byggji mig upp, skref fyrir skref. Það eina sem ég get gert í þessu er að halda haus og halda áfram.“ kristinnpall@frettabladid.is

Keppni hefst á ný karlamegin

FÓTBOLTI Pepsi Max-deild karla hefst á nýjan leik eftir landsleikjahlé í dag þegar þrír leikir fara fram. Um er að ræða leiki í áttundu umferð sem lýkur á morgun með þremur leikjum.

Í Víkinni taka heimamenn á móti HK í fyrsta leik Víkinga á nýju gervigrasi sem lagt var í Fossvoginum. Á sama tíma tekur Fylkir á móti toppliði Breiðabliks og Stjarnan mætir FH í Kaplakrika. – kpt



Cloé Lacasse. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Cloé Lacasse fær líklega ríkisborgararétt

FÓTBOLTI Cloé Lacasse, leikmaður ÍBV, er einn þeirra 32 einstaklinga sem Alþingi leggur til að fái íslenskan ríkisborgararétt. Frumvarp þess efnis var lagt fram á þingi í gær.

Cloé var að hefja sitt fimmta tímabil á Íslandi með ÍBV eftir að hafa þar áður leikið með Iowa State háskólanum í Bandaríkjunum.

Í efstu deild á Íslandi hefur Cloé, sem er fædd í Kanada, skorað 50 mörk í 73 leikjum og verið einn besti leikmaður Eyjalíðsins.

Fái Cloé íslenskan ríkisborgararétt kemur hún til greina í íslenska landsliðið þar sem Ian Jeffs, fyrrverandi þjálfari hennar hjá ÍBV, er aðstoðarþjálfari. – kpt



Fimm leikja bann Björgvins fær að standa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

KSÍ hafnaði áfrýjun KR

FÓTBOLTI Áfrýjunardómstóll KSÍ staðfesti í gær úrskurð aga- og úrskurðarnefndar um fimm leikja bann Björgvins Stefánssonar og hafnaði með því áfrýjun KR. Björgvin er því kominn í leikbann og missir af leikjum KR gegn ÍA, FH, Breiðablik, ÍBV og Val. Þar að auki missir Björgvin af næsta leik KR í bikarnum vegna uppsafnaðra spjalda.

Bannið fékk Björgvin fyrir rasisk ummæli sem hann lét falla þegar hann var að lýsa leik Hauka og Þróttar R. á Haukar TV þann 23. maí síðastliðinn. Björgvin sem er á öðru tímabili sínu með KR er uppalinn í Haukum.

KR áfrýjaði úrskurði aganefndar KSÍ en áfrýjunardómstóll KSÍ staðfesti úrskurðinn í gær. – kpt

Markalaust í bragðdaufum leik gegn Finnlandi

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu tókst ekki að skora í fyrri æfingarleik liðsins gegn Finnlandi ytra í gær. Liðin mætast á ný á mánudaginn í Espoo sem verður síðasti æfingarleikur Íslands fyrir undankeppni EM sem hefst í haust.

Þetta var áttunda viðureign Íslands og Finnlands og í þriðja skiptið í röð sem leiknum lauk með jafntefli.

Besta færi Íslands fékk Elín Metta Jensen á upphafsminútum leiksins en skot hennar hafnaði í slánni. Dagný Brynjarsdóttir sem



Elín Metta Jensen fékk besta færi Íslands í leiknum. NORDICPHOTOS/GETTY

var að leika sinn 80. landsleik fyrir Ísland komst nálægt því að skora fyrir Ísland í seinni hálfleik en tilraun hennar fór fram hjá. Var þetta fyrsti leikur Dagnýjar í byrjunarliði Íslands í tæp tvö ár.

„Úrslitin eru vonbrigði, sóknarleikurinn var ekki nægilega góður en það var barátta og andi í liðinu. Við gerðum þetta kannski að full miklum baráttuleik og vorum klaufar í að ná ekki að yta Finnunum aftur á völlum,“ sagði Jón Þór Hauksson, þjálfari liðsins, eftir leikinn í gær. – kpt

LEO

FÖSTUDAGUR 14. JÚNÍ 2019

Lífsstíll



Í nýrri skýrslu frá alþjóðlega ráðgjafar-fyrirtækinu AT Kearney er því spáð að eftir 20 ár verði kjöt ræktað og að kjöt úr plöntuafurðum verði búið að taka yfir rúmlega helming kjöt-markaðarins. ➔4



Litlu hlutirnir skipta máli

Fjögurra manna fjölskylda á Akureyri hefur lagt af stað í vegferð til að minnka vistspor sitt. ➔2

Dagfríður Ósk Gunnarsdóttir, Óli Steinar Sólmundarson og börnin þeirra breyttu neysluvenjum sínum til að verða umhverfisvænni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



CARUSO MOTTA
170X240 / KR. 116.900
200X300 / KR. 163.400

MARVEL MOTTA



170X240 / KR. 61.200

RUGGED MOTTA



170X240 / KR. 52.700
200X300 / KR. 75.200

MAGIC MOTTA



160X230 / KR. 71.400

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Dagfríður Ósk Gunnarsdóttir og maðurinn hennar Óli Steinar Sólmundarson hafa undanfarið ár verið að prófa sig áfram í að breyta neysluvenjum sínum til að verða umhverfisvænni og minnka vistspor fjölskyldunnar.

Þau stofnuðu nýlega Instagram-reikninginn Hvað getur ein fjölskylda, til þess að leyfa öðrum að fylgjast með og mögulega hvetja aðra til að breyta sínum lífsstíl líka.

„Við byrjuðum smátt en vildum alltaf gera meira og meira. Þegar við svo sáum þættina Hvað höfum við gert? á RÚV fengum við eiginlega sjokk. Þá fundum við okkur knúin til að gera raunverulegar breytingar og bara fara alla leið,“ segir Dagfríður.

Dagfríður segist hafa byrjað með Instagram-síðuna til að hvetja aðra. Hún segir að þeim hjónum hafi þótt erfitt að vita hvar þau ættu að byrja þegar þau ákváðu að breyta um lífsstíl. Síðan er því hugsuð til að gefa fólki hugmyndir um hvað hægt er að gera. „Það geta oft verið litlir hlutir sem skipta samt máli,“ segir Dagfríður.

„Það er bara mánuður síðan við byrjuðum með Instagram-síðuna. Við erum alveg hissa hvað við höfum fengið góð viðbrögð og erum komin með marga fylgjendur. Fólk er greinilega í þessum pælingum. Fólk sem við hittum úti á götu hefur hrósað okkur fyrir hvað við erum að gera og segist hafa lært ýmislegt af okkur. Okkur þykir rosalega vænt um það. Það hvetur okkur áfram.“

Hugmyndir að breytingum fær fjölskyldan á Instagram og í hinum ýmsu Facebook-hópum. Auk þess leita þau sér upplýsinga á netinu. „Maður uppgötvar líka margt sjálfur þegar maður byrjar,“ segir Dagfríður. „Það er til dæmis komin svöltil markaðssetning í kringum það að vera umhverfisvænn. Mér fannst ég þurfa að passa mig á því að fara ekki að kaupa fullt af nýjum af umhverfisvænum hlutum heldur nota það sem við eigum fyrir.“

Hvað hefði amma gert?

Dagfríður segir að breyttum lífsvenjum fylgi hugarfarsbreyting. „Ég upplifi þetta svöltil eins og ég sé að hægja á mér. Maður reynir aðeins að aftengja sig hraðanum í



Fjölskyldan er mjög samtaka í umhverfisvænum lífsstíl. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



Heimatilbúið hreinsiefni úr ediki og appelsínu- og sitrónuberki.



Þurrvörur eru geymdar í opinni hillu til að hindra að þær gleymist síður og skemmist.

TÍSKUDAGAR



Skipholtí 21 | Sími 551 0770

www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

samfélaginu í dag og hugsa hvernig hlutirnir voru gerðir áður. Þegar öll þessi þægindi sem við höfum í dag voru ekki í boði. Ég hugsa stundum: Hvað hefði amma mín gert?“

Dagfríður segir að stærstu breytingarnar sem þau hafi gert séu að minnka innkaup. Fjölskyldan keypti nýlega hús og þá vantaði ýmislegt til heimilisins eins og húsgögn og borðbúnað. „Við vorum mjög meðvituð um að kaupa sem mest notað. Bæði húsgögn og annað sem þurfti til heimilisins. Við reynum líka að endurnýta það sem við kaupum, við bætum buxurnar okkar í stað þess að kaupa nýjar. Við pælum í umbúðum á því sem við kaupum og reynum að minnka plastið eins og við getum.“

Þetta er enn í þróun hjá fjölskyldunni og Dagfríður segir að þau séu að finna hvaða leið hentar þeim. Þau eru ekki vegan en vanda sig við að minnka matarsóun með því að hugsa um hvað þau kaupa og nýta þann mat sem er keyptur inn.

„Þetta snýst að miklu leyti um að gera meira sjálf og nota það sem við eigum en eltast ekki við tiskustrauma. Við förum á nytjamaarkaði ef okkur vantar húsbúnað og ef krakkana vantar fót reynum við alltaf fyrst að finna eitthvað notað. Ef við þurfum að kaupa nýtt þá reynum við að eltast ekki við tiskustrauma heldur kaupa eitthvað sem endist lengi. Til dæmis húsgögn úr gegnheilum viði sem geta dugað okkur næstu 30 árin,“ segir Dagfríður.

„Maður þarf að hugsa: Hvaðan koma hlutirnir, hversu lengi getum við notað þá og hvað verður um þá þegar við hættum að nota þá? Það

Ég upplifi þetta svöltil eins og ég sé að hægja á mér. Maður reynir aðeins að aftengja sig hraðanum í samfélaginu í dag og hugsa hvernig hlutirnir voru gerðir áður.

gleymist oft að hugsa um það.“

Dagfríður og Óli Steinar hafa verið að prófa sig áfram með að búa til heimatilbúið hreinsiefni. Þau láta sitrónuberki og appelsínuberki liggja í ediki í nokkrar vikur og eru þá komin með alhliða hreinsiefni sem er sótthreinsandi og virkar vel á fitu.

„Þetta er liður í því að losa okkur við eitrefni. Við notum ekki eitrefni í hreinsiefni, sjampó, sápur og þess háttar. Þetta er eitthvað sem við gerum í smáskrefum og það gengur ótrúlega vel. Edik er mjög fituleysandi og sitróna líka auk þess sem hún er bakteríudrepandi. Við erum komin með hreinsiblöndu sem við mættum þess vegna borða. Okkur finnst það líka skipta máli af því við erum með börn og við viljum ekki hafa skaðleg efni í kringum þau.“

Auk þess að búa til hreinsiefni hefur Dagfríður heklað tuskudýr til að gefa í jólagjafir, sem hún segir að allir hafi tekið mjög vel í. Hún

og systir hennar hafa einnig skipst á notuðum leikföngum til að gefa börnum hvórrar annarrar.

Langhlaup ekki spretthlaup

„Fjölskyldan er mjög samtaka í þessu. Það er svo gaman að fylgjast með börnunum í þessu ferli því að þá uppgötvar maður hvað það er mikið af hlutum sem við yfirferum ósjálfrátt yfir á börnin. Til dæmis gera börnin engan greinarmun á því hvort fót eða leikföng séu ný eða notuð. Það erum aðallega við full-orðna fölklið sem spáum í því.“

Auðvitað eru ýmsir hlutir sem er erfiðara að breyta og þá gerir maður það bara í smærri skrefum. Þetta er langhlaup en ekki spretthlaup og það er mikilvægt að hafa hugfast að allar litlar breytingar skipta máli, aðalmálið er að byrja.

Dagfríður leggur þó áherslu á að þessar breytingar séu mun auðveldari en hún bjóst við í upphafi. „Okkur finnst þetta mjög gaman. Það sem kom okkur mest á óvart, sérstaklega manningum mínum, var hvað þetta er mikill léttir. Fólk heldur kannski að þetta sé miklu meiri vinna, en við erum að hægja svo mikið á okkur. Við dettum aðeins út úr þessu lífsgæðakapphlaupi. Þá minnkar pressan um að fylgja eftir tiskustraumum eða vera með nýja eldhúsinnréttingu og kaupa allt nýtt og flott,“ segir hún.

„Við erum búin að taka ákvörðun um að við ætlum að hugsa hlutina út frá umhverfinu og þá einhvern veginn hægist á öllu og maður finnur streituna minnka. Maður verður einhvern vegin jarðtengdari. Mér finnst þetta ótrúlega jákvæð breyting.“

ÚR
**KJÖT-
BORÐI**



Lambalærisssneiðar

1.998 kr./kg

Áður 2.198 kr./kg

ÚR
**KJÖT-
BORÐI**



Svínahnakki

1.298 kr./kg

Áður 1.798 kr./kg

GOTT

á grillið

ÚR
**KJÖT-
BORÐI**



Svínalundir

1.598 kr./kg

Áður 2.198 kr./kg

FERSKT
fiskmeti



Lax úr fiskborði með
lemon og kóriander
eða sítrónusmjöri

2.898 kr./kg

ÚR
**KJÖT-
BORÐI**



Lamba innralæri

2.798 kr./kg

Áður 3.498 kr./kg

ÚR
**KJÖT-
BORÐI**



Hamborgarar
í lausu 115 g

310 kr./stk.

Afgreiðslutímar

Fimmtudagur	09:00 - 18:30
Föstudagur	09:00 - 19:00
Laugardagur	10:00 - 16:30
Sunnudagur	Lokað
Mánudagur 17. júní	Lokað

FK

FJARÐARKAUP

EINSTÖK VERSLUN


Kjötborð okkar er rómað fyrir góða vöru og framúrskarandi þjónustu. Við bjóðum upp á fyrsta flokks ferskt kjöt, sérvalið af fagmönnum. Við tryggjum þér ferskleika, gæði og úrval.
www.fjardarkaup.is

Tæpur helmingur kjöts af dýrum árið 2040

Í nýrri skýrslu frá alþjóðlega ráðgjafarfyrtækinu AT Kearney er því spáð að eftir 20 ár verði ræktað kjöt og kjöt úr plöntuafurðum búið að taka yfir rúmlega helming kjötmarkaðarins.



Kjötlausir hamborgarar eru framtíðin, samkvæmt skýrslu alþjóðlega ráðgjafarfyrtækisins AT Kearney. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



TRI

WWW.TRI.IS

VEFVERSLUN

TRI VERLSUN / TRI VEFVERSLUN / TRI VERKSTÆÐI

AImeningur verður sífellt meðvitaðri um neikvæð umhverfisáhrif kjötframleiðslu og sífellt fleiri efast um réttmæti iðnaðarframleiðslu á kjöti. Fyrir vikið hefur verið mikill vöxtur í veganisma undanfarin ár og sífellt fleiri fyrirtæki sem selja kjöt hafa tekið að bjóða upp á aðra valkosti úr plöntuheiminum. Meira að segja fyrirtæki eins og McDonald's og Burger King eru farin að gera tilraunir með plöntuafurðir á matseðlinum.

Alþjóðlega ráðgjafarfyrtækið AT Kearney spáir því að þessi þróun haldi áfram á sömu braut og að eftir 20 ár komi minna en helmingur alls kjöts frá dýrum. Í nýrri skýrslu frá fyrirtækinu eru færð rök fyrir því að árið 2040 verði 60% af öllu kjöti ræktað á rannsóknarstofu eða gert úr plöntuafurðum.

Niðurstöður skýrslunnar byggja á viðtölum við sérfræðinga og renna stóðum undir fyrri rannsóknir sem gefa til kynna að fólk hafi meiri áhyggjur af umhverfisáhrifum iðnvæddrar kjötframleiðslu nú en nokkru sinni fyrr. Á sama tíma hafa áhyggjur af dýravelferð og heilsufarsáhrifum kjötneyslu líka aukist, en auk þess er nú skortur á ræktarlandi og mikil fólksfjölgun. Ljóst er að eitt-hvað þarf að breytast til að tryggja stöðugleika lífs á jörðinni.

Í skýrslunni er einnig talað um þær áskoranir sem kjötíðnaðurinn stendur frammi fyrir, en hann reynir að svara síaukinni eftirspurn eftir kjöti á sama tíma og reynt er að koma upp sjálfbærari framleiðsluháttum og minnka mengun. Skýrslan segir marga líta á iðnaðarframleiðslu á kjöti sem illa nauðsyn.

Það eru því margir mikilvægir þættir sem leggjast á eitt til að móta þessa nýju þróun.

Í skýrslunni segir að aukningin sem er spáð að verði í kjötframleiðslu á rannsóknarstofum eigi eftir að sjá til þess að þeir sem hafa ástríðu fyrir kjötáti þurfi ekki að breyta mataræði sínu. En það þarf ekki lengur að vera jafn dýrt fyrir umhverfið, né bitna á dýrum.

Samkvæmt skýrslunni er það bara tímaspursmál hvenær kjöt sem er ekki framleitt úr dýrum



Sífellt fleiri kjósa að borða ekki kjöt því að þeir efast um réttmæti iðnaðarframleiðslu á kjöti. Mikill vöxtur hefur verið í veganisma undanfarin ár.



Iðnvædd kjötframleiðsla hefur gríðarlega slæm áhrif á umhverfið.

nær umtalsverðri markaðshlutdeild. Enn um sinn eru fyrirtæki sem selja vegan mat lítill í samanburði við kjötíðnaðinn, en þau vaxa hratt.

Vegan vörur sem eiga að koma í staðinn fyrir kjöt eru ekki nýjar af nálinni, en þær hafa haft þann galla að bjóða neytendum ekki sömu upplifun og kjöt. En nú er þetta að breytast sökum tækni-framfara í framleiðsluferlinu. Nú er hægt að fá hamborgara úr plöntuafurðum sem hafa áferð og bragð sem líkist kjöti og „blæða“ meira að segja.

Í skýrslunni er áætlað að 35% af öllu kjöti verði framleitt á rann-

sóknarstofum árið 2040, en að 25% verði gert úr plöntuafurðum. Ástæðan fyrir því að höfundarnir telja að ræktað kjöt á rannsóknarstofum taki stærri markaðshlutdeild en það sem er úr plöntuafurðum er sú að það kjöt líkist venjulega kjöti meira en kjöt úr plöntuafurðum. En í bili er of dýrt að framleiða slíkt kjöt til að það geti tekið stóra markaðshlutdeild og því verður kjöt úr plöntuafurðum ómissandi hluti af þróuninni. Vissulega mun þessi þróun samt mæta ýmsum áskorunum, kannski ekki síst á mörkuðum í löndum eins og Bandaríkjunum, Kína og Indlandi.

Skiltagerð og merkingar

FÖSTUDAGUR 14. JÚNÍ 2019

Kynningar: Pmt, Merking, Snarmerki, Logoflex

Pmt – allt til merkinga og pökkunar

Fjölskyldufyrirtækið Pmt býr yfir 40 ára reynslu á íslenskum markaði. Það sérhæfir sig í öllu sem viðkemur pökkun og merkingum með fullkomnasta tækjabúnaði sem völ er á. ➔2



Framhald af forsiðu →

Saga Pmt hófst fyrir sextíu árum þegar afi minn og nafni, Oddur Sigurðsson, stofnaði Plastprent og hóf framleiðslu áprentaðra plastpoka í bílskúrnum heima hjá sér,“ segir Oddur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Plasts, miða og tækja (Pmt) um einstakt fjölskyldufyrirtæki afa síns.

„Árið 1974, eða um tuttugu árum síðar, byrjaði afi aftur frá grunni í sama bílskúrnum með Plastos, sem síðar var skipt upp í tvö fyrirtæki; Plastos umbúðir, sem var síðar selt, og Plast, miða og tæki (Pmt), sem er í eigu fjölskyldunnar. Starfsemin er töluvert breytt frá því í upphafi og nú leggjum við til dæmis meiri áherslu á bréfpoka í stað plastpoka,“ upplýsir Oddur um fjölskyldufyrirtækið Pmt sem afkomendur Odds reka nú og hefur yfir 40 ára reynslu á íslenskum markaði.

„Meginstarfsemi Pmt er að prenta límmiða og umbúðir, enda erum við með fullkomna tækjabúnað sem vól er á til prentunar á miðum og umbúðum. Pmt er einnig með vogir, pökkunarvélar og ýmsar lausnir til merkinga á vörum sem geta lækkað framleiðslukostnað hjá fyrirtækjum,“ útskýrir Oddur.

Allt fyrir pökkun og merkingu

Pmt sérhæfir sig í öllu sem viðkemur pökkun og merkingu.

„Í prentsmiðjunni eru prentaðar allar gerðir af límmiðum og umbúðum til pökkunar. Einnig er hægt að fá áprentuð límbönd til að loka kóssum sem er hagkvæm og góð auglýsing fyrir fyrirtæki,“ upplýsir Oddur.

Pmt býður einnig upp á stafrænt prentaða límmiða og selur límmiðaprentara ef fyrirtæki vilja prenta límmiðana sjálf.

„Við bjóðum upp á límmiðaprentara frá Zebra og Godex sem prenta á hitanæma límmiða og allar gerðir límmiða með sérstökum prentborða. Einnig límmiðaprentara frá QuickLabelSystems sem geta prentað litmyndir í frábærum gæðum. Þá er Pmt umboðsaðili fyrir NiceLabel-límmiðahugbúnað sem auðveldar alla uppsetningu á límmiðum og getur jafnvel feitletrað ofnæmisvalda sjálfkrafa, eins og reglugerðir kveða á um í dag,“ útskýrir Oddur.

„Fyrir þá sem þurfa einfaldlega að verðmerkja eða dagsetningarmerkja vörur sínar erum við með verðmerkibyssur og dagsetningabyssur frá Hallo og OpenData. Jafnframt er hægt að fá dagsetningastimpla eða Reiner-handprentara til að stimpla eða prenta beint á vöru, sem og verðmerkibyssur, verðmerkimiða, festibyssur fyrir föt, pokalokunarvélar, límmiðaprentara og límmiða í ýmsum stærðum og gerðum á pmt.is,“ segir Oddur og einnig er hægt að panta stafrænt prentaða miða og hlada upp útliti límmiðans í vefversluninni pmt.is.

Stimplað í hálfra öld

Fyrir rúmu ári keypti Pmt fyrirtækið Boda stimplagerð. Jókst þá enn frekar vöruúrvalið og er Pmt nú umboðsaðili fyrir gæðastimplana frá Colop og Reiner.

„Bodi stimplagerð á rætur sínar að rekja til ársins 1968 og er því ein elsta og stærsta stimplagerðin á Íslandi með gríðarmikla reynslu. Nú er vinsælt að kaupa bréfpoka hjá okkur og stóran stimpil til að merkja þá en með því fæst gamaldags útliti á prentun og hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir miðað við að kaupa bréfpokana áprentaða,“ upplýsir Oddur.

Stimplarnir frá Colop eru þekktir fyrir mikil gæði og eru í notkun hjá flestum fyrirtækjum.



Dyramerkingar og skilti af öllu tagi eru meðal þess sem Pmt hefur sérhæft sig í. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hjá Pmt fást stimplar og límmiðar fyrir öll hugsanleg tilefni og ólíkar þarfir.

Reiner sérhæfir sig í númerastimplum, fylgiskjalastimplum og bókhaldsstimplum.

„Ein helsta nýjungin frá Reiner er að nú er hægt að fá alls kyns rafræna stimpla (handprentara) til að merkja pappír, plast, gler, ál og fleira. Með stimplunum kemur PC-hugbúnaður til að setja upp það sem á að stimpla og eru stimplarnir nú þegar komnir í notkun hjá fyrirtækjum til merkinga á krúkkum, plastpokum og fleiru,“ útskýrir Oddur.



Stimplar frá Colop og Reiner gefa spennandi möguleika.

Bodi stimplagerð er einnig með mjög fullkomna laserskurðarvél.

„Allir stimplar eru laserskornir í lyktarlaust gúmmi og í lasernum eru einnig skorin út alls kyns skilti, til dæmis til hurðamerkinga. Í raun er hægt að skera í nánast hvað sem er með lasernum og

hægt að koma með hluti og fá tilbóð í að grafa í þá,“ segir Oddur.

Framúrskarandi og fyrirmyndar fyrirtæki 2018

Pmt var valið framúrskarandi og fyrirmyndarfyrirtæki árið 2018 og komst þar í hóp tveggja prósentu af íslenskum fyrirtækjum.

„Viðskiptavinir okkar eru mjög fjölbreyttir, bæði smáir og stórir, allt frá einyrkjum upp í stórfyrirtæki í matvælaíðnaðinum. Við kappkostum að veita þeim skjóta og góða

þjónustu og mörg stórfyrirtæki treysta okkur til að prenta fyrir sig alla sína límmiða og/eða eru með tæki frá okkur til pökkunar, vigtunar og merkingar. Þar sem við erum með breiða reynslu í pökkunarvélum, vogum, prenturum, plastfilmum og límmiðum getum við aðstoðað okkar viðskiptavini á

öllum stigum ferlisins, allt frá vinnslu til tilbúnaðar vöru,“ upplýsir Oddur.

Starfsfólk Pmt tekur vel á móti viðskiptavinum í glæsilegri rekstrarvöruverslun fyrirtækisins á Krókhálsi 1.

„Þar er hægt að fá ráðleggingar



Pmt selur þrykkítangir til að þrykkja innsigli á límmiða. Ennig er hægt að kaupa stimpla, límmiða og límmiðaprentara ef fyrirtæki vilja prenta límmiðana sjálf.



Í verslun Pmt á Krókhálsi fæst mikið úrval af pokum og límmiðum.

og skoða mikið úrval af pokum, afsláttarmiðum, tilbodsmiðum, skilamiðum, verðmerkimiðum, dagsetningarmiðum, verðmerki- og dagsetningabyssum, festibyssum fyrir föt, límmiðaprenturum, vogum, pökkunarvélum og ýmislegt fleira,“ segir Oddur.

Tvær nýjar vefverslanir

Nýlega tók fyrirtækið tvær nýjar vefverslanir í gagnið: pmt.is og bodi.is. Þar má finna veflestar vörur Pmt.

„Í vefversluninni pmt.is er hægt að panta nánast allar vörur Pmt. Þar má nefna límmiða, límbönd, stimpla, skilti, bréfpoka, plast-

poka, plastfilmur, límmiðaprentara, vogir, pokalokunarvélar, pökkunarvélar og nánast allt sem viðkemur rekstri fyrirtækja,“ segir Oddur.

„Í vefversluninni bodi.is er vöruúrvalið bundið við stimpla, skilti og að einhverju leyti límmiða. Hún er því einfaldari og kann að henta betur þeim sem eru bara að verla stimpla eða skilti. Vefverslunin er opin öllum og allan sólarhringinn,“ segir Oddur.

Pmt er á Krókhálsi 1. Sími 567 8888. Skoðuðu vöruúrval og þjónustu á pmt.is og bodi.is



Starfsfólk Merkingar býr yfir mikilli reynslu og leggur metnað sinn í hvert verk.



Hér má sjá stóran vörustand frá Merkingu, sem er unninn úr krossvið og plexigleri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Ljósmyndadeild Merkingar er vaxandi enda vinsælt að prenta ljósmyndir beint á striga, ál eða önnur efni sem við eiga hverju sinni.



Í Merkingu er hægt að prenta á allt að fimm metra breiðan flöt í einu.

Merking til að vekja athygli

Skiltagerðin Merking fagnar fjörutíu ára afmæli sínu í ár. Fyrirtækið er metnaðarfullt, stærst og öflugast á sínu sviði hér á landi og eitt af framúrskarandi fyrirtækjum íslensks atvinnulífs.

Vel merkt fyrirtæki vekur athygli,“ segir Pétur Ingi Arnarson, framkvæmdastjóri skiltagerðarinnar Merkingar. „Lausnin er hjá Merkingu, hvort sem um er að ræða gluggamerkingar, bilamerkingar, ljósaskilti eða auglýsingaskilti, innanhúss eða utandyra. Hjá okkur vinnur fagfólk með áratuga reynslu sem leggur metnað sinn í vandaða vinnu og faglegar lausnir.“

Metnaður og þjónusta í 40 ár
Merking á 40 ára starfsafmæli í ár. Fyrirtækið var stofnað árið 1979 og þar starfa að jafnaði um 50 starfsmenn.

„Merking er alhliða skiltagerð sem framleiðir allar tegundir merkinga; plexigler, ljósaskilti, umferðarmerki, sýningar og margt fleira; allt eftir óskum hvers og eins,“ upplýsir Pétur Ingi.

Umferðarmerki, umhverfismerkingar hvers konar og öryggismerkingar eru eitt af sérsviðum Merkingar.

„Við framleiðum umferðar-, umhverfis- og öryggismerki ýmist eftir stöðlum sem eiga við hverju sinni eða sérþörfum hvers og eins. Á heimasíðunni merking.is er hægt að finna upplýsingar um nánast allar slíkar merkingar og panta eftir þörfum. Við framleiðum svo og afhendum ýmist uppsett eða ekki, allt eftir því hvað hentar viðskiptavininum okkar best,“ segir Pétur Ingi.

Vinsæl ljósmyndadeild

Ljósmyndadeild Merkingar er vaxandi hluti af starfsemi fyrirtækisins.



Pétur Ingi Arnarson er framkvæmdastjóri Merkingar.



Merking framleiðir vörustanda úr margvíslegum efnum og í ótal stærðum.

„Hjá ljósmyndadeildinni er hægt að velja um myndir sem eru límðar á ál, „foam“, MDF eða plexigler. Við getum einnig prentað beint á striga, ál eða önnur efni ef við á,“ upplýsir Pétur Ingi um vinsæla þjónustu Merkingar.

„Á málmsmíðaverkstæðinu smíðum við hvers kyns ljósaskilti sem og önnur skilti. Til verksins höfum við yfir að ráða öflugum frásara sem og fullkomnum spautuklefa,“ segir Pétur Ingi.

Prenta á fimm metra flöt

Merking framleiðir margar tegundir vörustanda fyrir verslanir, innflytjendur og íslenska framleiðendur.

„Við framleiðum glæsilega standa úr bylgjupappa, plexigleri,áli og krossviði þar sem hönnuðir

okkar veita ráðgjöf um efnisval og útfærslu,“ upplýsir Pétur Ingi.

Síðast en ekki síst ræður Merking yfir afar öflugum prentvélum en sú stærsta getur prentað á allt að fimm metra breiðan flöt í einu.

„Allt frá stofnun Merkingar árið 1979 hefur fyrirtækið verið leiðandi á sínu sviði. Það er í dag stærsta og öflugasta fyrirtækið á sínu sviði hér á landi og Merking er á lista CreditInfo yfir framúrskarandi fyrirtæki í íslensku atvinnulífi. Við erum stolt af okkar viðskiptamannahópi og ekki síður af starfsfólki okkar,“ segir Pétur Ingi.

Verið velkomin í Merkingu á Viðarhöfða 4. Sími 562 7044. Skoðuðu vörur og þjónustu á merking.is

Merki á allt og fyrir alla

Merki á allt og fyrir alla eru einkunnarorð fyrirtækisins Snarmerki og lýsa því vel enda sinnir það álverum, sendiráðum, einstaklingum og öllu þar á milli. Stefnan að stækka og þróa verkefni áfram.

Fyrirtækið Snarmerki var stofnað 2011 af Birni Hilmarssyni og Sigursteini Þór Einarssyni. Í upphafi var fyrirtækið stofnað til að uppfylla ákveðna þörf fyrir merkingu í verkefnum sem var verið að vinna í, síðan þróaðist þetta áfram og bætt var við vélakosti. Í dag stendur fyrirtækið undir 50% starfi og er stefnan að stækka og þróa verkefni áfram.

Snarmerki er í grunninn fyrirtæki sem sérhæfir sig í skiltagerð og merkingum á málmhlutum. Til að fræsa merkingar í plast, ál og timbur er notaður ROLAND camm-2 fræsari. Aðalframleiðslan er plastskilti til að merkja til dæmis tækjabúnað og dýr, svo fátt eitt sé nefnt.

Einnig er uppsettur laser brennari til að brenna merkingar í rústfrítt stál og annan málm, plast og timbur, ásamt sérstökum állimmerkingum til að merkja ýmsan búnað. Eigendur Snarmerkis segja auðvelt að setja merkingar á merkiplötur, lykklappur og nánast hvað sem er. Hægt er að setja QR-kóða á merkingar.

Snarmerki þjónustar einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Þeir sem vilja láta merkja hluti og búnað, hvort sem það eru persónulegar merkingar á skartgrip, nafn gæludýrs, heimilisfang og símanúmer finna lausnirnar hjá Snarmerki. Ekkert er of stórt og ekkert of lítið. Þekkt eru stálkapalmerki fyrir iðnaðarfyrirtæki og skipaflotann til notkunar í erfiðu og krefjandi umhverfi.

Í upphafi, þegar eingöngu Roland fræsarans naut við, voru aðeins framleiddar merkingar á plastmerki og mjúkmálm, ál og kopar. Þegar CAB-laserinn kom opnuðust nýir möguleikar í merk-



Hunda- og kattamerki eru í miklu úrvali.

» Þeir sem vilja láta merkja hluti og búnað finna lausnirnar hjá Snarmerki.

ingum. Það er öflugt forrit sem stjórna vélinni sem býður upp á mikla möguleika í að útfæra margs konar merkingar texta og tákn. Snarmerki getur tekið inn hluti allt að 40x30x12 cm að stærð og nánast allt þar á milli og brennt í þá merkingu.

Helstu viðskiptavinir eru ein-



Einn af stóru viðskiptavinum Snarmerkis er Héðinn.



Stofnendurnir Björn Hilmarsson og Sigursteinn Þór Einarsson.

staklingar sem koma með mjög fjölbreytilegar fyrirsurnir og óskir um merkingar, iðnaðarfyrirtæki sem eru að merkja sinn búnað á vandaðan og varanlegan máta og fiskiðnaðurinn og útgerðirnar sem sækjast eftir varanlegum merkingum eins og t.d. rústfrí stálmerki og ígráfin



plastmerki sem þola álag. Rafiðnaðurinn notar einnig mikið af merkingum á allan rafbúnað, töflur og kapla enda þarf allt að vera vel merkt til að auka öryggi og auðvelda umgengi um búnaðinn en í dag eru gerðar meiri kröfur um til að auka öryggi og auðvelda umgengni.

Finnum lausnir á flestum verkefnum

LogoFlex býður upp á fjölbreyttar vörur og fyrirtaksþjónustu í merkingum og skiltagerð af öllu tagi.

LogoFlex sérhæfir sig í framleiðslu skilta, prentunum og smíði úr akrýlplasti ásamt efnissölu í akrýl (plexigleri) og álprófilum.

„Við erum svoltið í öllu þó við séum að grunninum til skiltagerð,“ segir Ingi Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

LogoFlex gerir umferðarmerki, ljósaskilti, límfilmur í glugga. Þau sjá um bílamerkingar, smíða leiðiskrossa með ljósi, framleiða tússtöflur og póstkassa og eru í ýmiss konar plastsmíði.

„Verksvið okkar er mjög vítt,“ segir Ingi. „Við erum með mjög fjölbreyttar vörur og það er eiginlega ekkert verkefni eins hérna.“

LogoFlex hefur til umræða laser-skurðarvél. Vélina getur grafið og skorið í ýmis efni og er sérstaklega hentug fyrir plexigler. Vélina er með 100 watta laser og getur skorið allt að 25 mm akrýlplast. Einnig býður

fyrirtækið upp á tölvufræsingu. Þau tölvufræsa og grafa í flestar gerðir af efnum, til dæmis ál, PVC, timbur og akrýlplast.

„Við fræsum nánast hvað sem er. Við getum fræst allt að sex sentimetra þykkt efni,“ segir Ingi. „Svo smíðum við þakglugga líka, sem er kannski ekki á allra vörum. Þetta tengist allt óbeint hvert öðru. Við erum með álsmíði og plastvinnslu af öllu tagi.“

Þakgluggarnir eru úr tvöföldu akrýlplasti með góðri einangrun. Þeir eru sérframleiddir fyrir hvern viðskiptavin eftir máli. Sex millimetra ytri skelin gerir það að verkum að gluggarnir frá LogoFlex henta einkar vel fyrir íslenskar aðstæður.

LogoFlex býr til fjölbreyttar tegundir skilta. Það er fátt sem eykur sýnileika fyrirtækja betur en flott og vandað skilti. Skiltasmíðin er ein af grunnstöðunum í rekstri LogoFlex þar sem metnaður fyrirtækisins og reynsla skila sér ávallt í fyrsta flokks skiltalausnum.

LogoFlex er í sífelldri þróunarvinnu með viðskiptavinum sínum sem gera kröfur um snjallar og áberandi lausnir fyrir allar mögulegar merkingarþarfir þeirra. Hvort sem um sigilda skiltasmíði er að ræða eða úthugsaðar sérlausnir, þá mun LogoFlex sjá um framkvæmdina svo að eftir verður tekið.

„Við skilgreinum okkur fyrst og



Starfsfólk LogoFlex veitir ávallt fyrirtaksþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fremst sem þjónustufyrirtæki þótt þetta sé framleiðsla,“ segir Ingi. „Við leggjum mikla áherslu á þjónustulund og verkæði. Starfsfólkið hér er þekkt fyrir að leggja sig allt fram við að leysa þau verkefni sem lögd eru fyrir af fagmennsku.“ LogoFlex prentar og sker út

ýmsar gerðir af límíðum. „Við prentum og línum á bíla alla daga. Við höfum merkt mikið af þylrum fyrir kvikmyndageirann. En við línum líka auglýsingar í glugga og gerum auglýsingar á íþróttavelli. Við vinnum mikið með auglýsingastofum. Það eru

„Ef kúnninn kemur með verkefni til okkar þá leysum við það. Hvort sem við höfum gert það áður eða ekki.“

LogoFlex

oft skemmtileg verkefni sem koma þáðan,“ segir Ingi. Hann tekur fram að verkefni séu ekki bundin við höfuðborgarsvæðið, fyrirtækið sendi einnig út á land.

Auk límmurkinga prentar LogoFlex á álplötur, striga, pappplötur með frauðkjarna og á veggföður. Á vefsíðu fyrirtækisins, www.logoflex.is er hægt að sjá yfirlit yfir þá fjölbreyttu framleiðslu og þjónustu sem fyrirtækið býður upp á. En listinn er ekki tæmandi. Því er um að gera að hafa samband og starfsfólk LogoFlex leggur sig fram við að finna lausn. „Ef kúnninn kemur með verkefni til okkar þá leysum við það. Hvort sem við höfum gert það áður eða ekki,“ segir Ingi að lokum.

Leðurjakkar og leðurbuxur fyrir bæði dömur og herra



ledur.is



Góð pakkaverð

3-4 gerðir af hönskum



Allt fyrir hjólafólk

Kevlar gallabuxur, gott úrval



Þér líður vel
í leðri frá Kós



Sendum frítt um land allt

sími: 551 9044 gsm: 898 9944
Laugaveg 94 - 101 Reykjavík



Fólk skiptir um ilmvatn eftir árstíðum, skapi og tilefnum

Hraði og samþjöppun í fjöldaframleiðslu hefur gert það að verkum að gamalt handverk í ilmvatnsgerð hefur fengið að sitja á hakanum.

Sólrún
Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Það er algengt að hefðbundnum hráefnum í ilmvatnsgerð sé skipt út fyrir ódýrari hráefni í nafni hagkvæmninnar að sögn Lisu Ólafsdóttur sem er eigandi Madison ilmhúss. „Þá verður til andsvar sem er sambærilegt „slow food“ í matvælaíðnaðinum. Þá eru aðilar sem búa til ilmvoðna af ástríðu og vilja halda í gömlu hefðirnar og þá eru náttúruleg hráefni notuð að langmestu leyti.“

Lísa segir að lengi vel hafi ilmvatnsgerð verið álitin listgrein. „Það er verið að tjá eitthvað og kalla fram einhverja tilfinningu. Ilmur er nátengdur tilfinningasviði okkar og minningum. Ilmvötnin segja einhverja sögu. Það er mjög áhugavert hvað ilmur hefur mikil áhrif á mann og hvernig manni líður.“

Það kannast kannski allir við að tengja lykt við minningu, lyktin sem var alltaf heima hjá ömmu og afa eða rakspírinn sem fyrsti kærastinn notaði. Allt kveikir þetta einhverjar minningar og tilfinningar.“

Sérkennum ilmvatna eytt

Lísa er á þeirri skoðun að það sé búið að eyða sérkennum ilmtegunda með fjöldaframleiðslunni. „Það er reynt að höfða til sem flestra og ilmurinn er þar af leiðandi dempaður niður. En það



Það kom Lisu Ólafsdóttur eiganda Madison ilmhúss á óvart hvað Íslendingar eru ævintýragjarnir og fljótir að tileinka sér nýja hluti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er verið að tjá eitthvað og kalla fram einhverja tilfinningu. Ilmur er nátengdur tilfinningasviði okkar og minningum.

er akkurat ófugt við það sem sjálfstæðir ilmvatnsgerðarmenn eru að gera. Þeir vilja halda í sérkennin.“

Í heimi sjálfstæðra ilmvatnsgerðarmanna eru tveir ólíkir hópar. Annars vegar er það gamli heimurinn, ilmvatnsgerðarmenn sem fylgja gömlum hefðum og nota klassísk hráefni. Fremst í flokki þar er ilmvatnsframleiðsla eins elsta apóteks heims, Santa Maria Novella, í Flórens á Ítalíu.

400 ára saga ilmvatnsgerðar

Apótekið hefur verið til frá 13. öld en það vakti heimsathygli á 16. öld þegar apótekið fékk það verkefni að búa til ilmvatn fyrir Katrínu af Medici verðandi Frakklandsdrottningu. Katrín bar svo ilminn sem angaði af sitrusávöxtum þegar hún giftist Hinriki öðrum Frakklandskonungi. Ilmvaðnið hennar komst í tísku meðal hirðarinnar í vestræna heiminum og á hlut í að renna stöðum undir ilmvatnsframleiðslu í bæði Frakklandi og Englandi.

„Þeir telja sig vera eitt elsta ilmvatnsgerðarfyrirtæki í heimi og vinna með klassísk hráefni á borð við rósir, verbena (járnurt), geranium (blágresi) og liljur. Svo nota þeir líka viðartegundir eins og til dæmis sandalvið.“ Lísa segir að oftast séu hefðbundin ilmvoðna gerð úr aðeins einu eða tveimur hráefnum.

Síðan eru margir

framsækir listamenn með óhefðbundin hráefni og nýja sýn á ilmvatnsgerðina. Lísa nefnir sem dæmi sænska fyrirtækið Byredo. Ben Gorham sem stofnaði fyrirtækið er Svíi sem ólst upp í New York en á líka ættir að rekja til Indlands. Hann notar hráefni allt frá sænskum birkiskógum til indverskra kryddmarkaða.

„Hann leikur sér mikið með að blanda saman ólíkum hráefnum frá mismunandi menningarheimum, með óvenjulegum hætti og skemmtilegri nálgun.“

Íslendingar ævintýragjarnir

Það kom Lisu á óvart þegar hún komst að því hvað kunnar hennar væru ævintýragjarnir. „Íslendingar eru fljótir að taka

við sér og tileinka sér nýja hluti.“ Á meðan margir eiga sinn uppáhalds ilm sem þeir ganga með frá degi til dags, þá sér Lísa að margir eru farnir að kaupa mismunandi tegundir af ilmvoðnum til að eiga fyrir víðeigandi tilefni.

„Fólk sem var kannski áður vant því að ganga bara með einn ilm alltaf er nú farið að skipta um ilmvoðna eftir árstíðum, eftir skapi, eða bara eftir því sem það er að fara að gera og hvaða stemningu maður vill búa til. Maður fer ekki í sama kjólnum á árhátíðina, viðskiptafundinn eða í leikskólann að sækja krakkana.“



Sumarnámskeið fyrir börn og unglunga sem vilja læra

Kung fu og kínversku

18. júní til 18. júlí

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekin.is

SÖLUSÝNING 14. JÚNÍ

Frá 17:00 - 18:00

Glæsilegar og vandaðar íbúðir í hjarta Reykjavíkur

Fjölbreyttar stærðir íbúða frá 75 – 232 m²

Allar innréttingar og tæki sérvaldar af innanhúsarkitekt

Frábær staðsetning í nálægð við menningu, sögu, verslun og þjónustu með iðandi mannlíf allt í kring

Stór bílastæðakjallari er undir Hafnartorgi

Frítt að leggja í bílakjallara Hafnartorgs á milli 16:00 og 19:00 á sýningardegi



HAFNARTORG
REYKJAVÍK

HAFNARTORG.IS

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BORGARBÍLASALAN

580 8900 • borgarbilasalan.is



'14 FIAT KNAUS R17 HÁPEKJA. EK 89 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...HJÓNARÚM AFTAST. ÁSETT 5.490Þ #454651. S: 580 8900



'15 CHEVROLET SUBURBAN LT 8 MANNA, EK 169 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 8.990Þ #474476. S: 580 8900



'17 CHEVROLET SUBURBAN LTZ 7 MANNA, CAPTAIN STÓLAR. EK 78 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK...ÁSETT 10.880Þ #454889. S: 580 8900



'17 MMC PAJERO INSTYLE+ 7 MANNA. EK 79 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...FLEIRI LITIR Í BODI!!! ÁSETT 5.980Þ #474437. S: 580 8900



'14 FIAT KNAUS R16 LÁPEKJA. EK 84 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...HJÓNARÚM AFTAST. ÁSETT 5.490Þ #454998. S: 580 8900

Borgarbilasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hjóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar



HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKAR TILBOD.
10 stk plötukrókar-10 stk sigurnaglar nr 5 tvö þör vettlingar 5580 kr Heimavík.is Heimavík s: 555-6090 eða 892-8655

LAXANETIN

Þjorsá-Hvítá-Ölfusará tilbúin. Heimavík.is



Léttir Fyrirferðalítillir Hjóðlátir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Pípulagnir

Pípulagnþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Garðsláttur s:7600231 20% afsláttur fyrir eldri borgara.

Bókhald

RÉTTA- BÓKHALDSPJÓNUSTA. Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

BÓKHALD.

Get tekið að mér bókhald og uppgjör fyrir smærri fyrirtæki, og einstaklinga. Upplýsingar í síma 899-2042

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bólstrun

Svampur.is

Bjodum upp á sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu



Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi B&S mótör 625EXI, 2,27kW Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr.notendavænn graskassi Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vevtrarsol.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!


www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíll með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Yfirvélstjóra vantar á Kristínu GK-457

Kristín er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856-5730 eða útgerðarstjóri í síma 856-5700. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Vísir hf á visirhf.is.

Atvinnuhúsnæði

ATVINNUHÚSNÆÐI 210FM
Til leigu ca. 210fm atvinnuhúsnæði að Skútuvogi 13, er laust. Uppl. í s. 864 1219

FRÍSTUNDABÍL.

TIL LEIGU EDA SÖLU 50 m2 bíll. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEYMSLURTILLEIGU.IS
SÍMI: 414-3000

Gerðu verðsamanburð!

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

VITABAR - KVÖLD OG HELGARVAKTIR

Starfskraft vantar á kvöld og helgarvaktir. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.

Umsóknir sendist á olafur7@gmail.com

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EDA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skómmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is



Skagafjörður

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

Ráðhúsinu, Skagafjörðingabraut 21 · 550 Sauðárkróki · S: 455 6000 ·

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti þann 24. apríl 2019 breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021.

Tilgagna að breytingu var auglýst frá 17. desember 2018 til 25. febrúar 2019. Alls bárust 58 erindi vegna skipulagsins frá umsagnaraðilum, íbúum og öðrum aðilum. Hluti athugasemda var í formi undirskriftarlista og rafræna undirskrifta alls með rúmlega 200 nöfnum. Sveitarstjórn féllst á afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar á framkomnum umsögnum og athugasemdum og hefur skipulagstillagan verið uppfærð í samræmi við afgreiðsluna. Öll skipulagsgögn, athugasemdir, umsagnir og viðbrögð sveitarstjórnar verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt aðalskipulagsbreyting hefur verið send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Þau sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til sveitarstjóra eða skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

Sauðárkróki 14. júní 2019

Sígús Ingi Sígússson, sveitarstjóri

CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

FÖSTUDAGUR

LIFANDI TÓNLIST

SMELLUR

Spilar fyrir dansi

FÖSTUDAG FRÁ KL. 00.00 - 03.00

LAUGARDAGUR

MADONNA TRIBUTE SHOW

ásamt

EDDU ARA

LAUGARDAG KL. 23.45

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21

SÍMI 554 2166

HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

STÆRÐIR 14-28 EÐA 42-56

Vertu velkomin í verslun Curvy í
Hreyfilshúsinu við Grensásveg.
Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is



SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Toppur+
5.990 kr
Stærðir 14-24



Túnika
4.990 kr
Stærðir 14-22



Gallajakki
8.990 kr
Stærðir 14-24



Toppur
4.990 kr
Stærðir 14-24



Galla leggings
4.990 kr
Stærðir 14-24



Blússa
5.990 kr
Stærðir 14-24

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

TÍMAMÓT



Kær vinkona okkar og frænka,
Sigurlaug Magnúsdóttir
Vesturbrún 17,
lést 21. maí síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Fyrir hönd vina og vandamanna,
Margrét Yr Valgarðsdóttir



Ástkær eiginmaður minn og vinur,
Ólafur Jens Sigurðsson
lést á Landspítalanum 11. júní sl.
Útför hans fer fram frá Langholts-
kirkju miðvikudaginn 19. júní kl. 15.00.
Fyrir hönd aðstandenda,
Margrét Valdemarsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,
Fríða Þorsteinsdóttir
Vestri-Leirargörðum,
sem lést 31. maí sl. verður jarðsungen
frá Akraneskirkju miðvikudaginn 19. júní
kl. 13.00. Jarðsett verður í Leirárkirkjugarði.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeir sem vildu minnst
hennar láti Barnaheill eða Hjartavernd njóta þess.
Börn, tengdabörn og ömmubörn.



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,
Herdís María Jóhannsdóttir
lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
þriðjudaginn 11. júní.

Guðný Harðardóttir **Guðjón Ármann Jónsson**
Guðrún Auður Harðardóttir
Erla Ruth Harðardóttir
barnabörn og langömmubörn.



Elsku hjartans mamma og amma,
Oddbjörg Jónsdóttir
frá Melrakknesi,
sem lést á Landspítalanum í Fossvogi
að kvöldi 10. júní 2019, verður
jarðsungen þriðjudaginn 18. júní í
Garðakirkju á Álftanesi kl. 13.00.

Freydís Frigg Guðmundsdóttir
Stefán Yngvi Pétursson
Vala Rún Pétursdóttir
Pétur Darri Pétursson



Elskuleg eiginkona, móðir,
tengdamóðir, systir, amma og
langamma,
Herdís Tegeder
Hrauntúni 13,
Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Vestmannaeyjum laugardaginn 8. júní. Útförin fer fram frá
Landakirkju laugardaginn 15. júní klukkan 13.
Blóm og kransar afþakkuð en þeim sem vilja minnst
hennar er vinsamlegast bent á líknarfélög
í Vestmannaeyjum.

Hermann Kristján Jónsson
Sigurjón Hinrik Adólfsson
Gunnar Darri Adólfsson
Jón Steinar Adólfsson
Edda Tegeder
Kristín Elfa Elíasdóttir
Svava Bjarnadóttir
Júlia Elsa Friðriksdóttir
María Tegeder
barnabörn og barnabarnabörn.

Fékk þessa Íslandsveiki

Hörpuleikarinn og leiðsögumaðurinn Monika Abendroth er sjötíu og fimm ára í dag og fagnar því. Hún er þýsk að uppruna en hefur búið hér á landi í fjörutíu og þrjú ár.

Ég flutti til Íslands 1976. Fyrst ferðaðist ég reyndar um landið sem túristi bæði 1973 og 1974, þá fékk ég þessa Íslandsveiki sem getur gripið Þjóðverja. Ég er svo mikið náttúrubarn, mér fannst þetta vera stórfenglegt land og finnst enn,“ segir Monika Abendroth. Hún gerðist strax hörpuleikari í Sinfóniunni og hefur starfað sem leiðsögumaður frá 1980. „Þetta var frábær blanda fyrir mig. Í hljómsveitinni var nýtt prógramm í hverri viku en í sumarfríinu dásamlegt að fara á flakk og kúpla sig frá því að æfa nýjar nótur. Eftir sumartörnina hlakka ég svo alltaf til að fara í tónlistina.“

Nú kveðst hún komin á eftirlaun hjá hljómsveitinni en spila á hörpuna við hin ýmsu tækifæri, meðal annars með Páli Óskari.

Alltaf kveðst hún halda upp á afmælið sitt þann mánaðardag sem hún fæddist og ætla að bjóða fjölskyldu og vinum í huggulegt kvöldpartí. „Reyndar er ég búin að halda upp á það með öðrum hætti því fjölskyldan mín, dóttir, tengdasonur og börn buðu mér í yndislega hálendisferð um hvítasunnuna.



Monika segir ástriðu sína fyrir Íslandi fá útrás í leiðsögn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tengdasonur minn á vel búinn jeppa og er framúrskarandi bílstjóri. Við vorum í ólýsanlegri fegurð innan um jökla, auðn og fjöll og sólin skein. Þegar ég kom heim var ég að hugsa um að fara í göngutúr en fékk mig ekki til þess, var bara með hugann á þessum stað.“

Monika á eina dóttur barna. „Í Þýskalandi var algeng hugsun kvenna að annaðhvort ættu þær barn eða væru í

vinnu og ég var ekki tilbúin til að leggja vinnuna mína á hilluna fyrir barn-eignir. Svo þegar ég flutti hingað 1976 voru tveggja til fimm barna mæður í Sinfóniunni, þá áttaði ég mig á að hægt var að gera hvort tveggja og varð svo lánsöm að eignast þessa dóttur. Hún er besta gjöf í heimi, á tvo stráka og ég nýt ömmuhlutverksins í botn.“
gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Esther H. Skaftadóttir

lést sunnudaginn 2. júní á
Hjúkrunarheimilinu Hlíð Akureyri.
Þökkum samúð og hlýhug.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Viðihlíðar
fyrir góða umönnun. Útför hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

Jón Steinbjörnsson **Julia Steinbjörnsson**
Skapti Steinbjörnsson **Hildur Claessen**
Björn Steinbjörnsson **Wiebke Nessen**
Sigríður Steinbjörnsdóttir **Jón Hlynur Sigurðsson**
og fjölskyldur.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð,
hlýhug og falleg orð, við andlát
Magnúsar Helga Ólafssonar
Sóleyjaríma 23, Reykjavík,

sem lést 20. maí.
Sérstakar þakkir færum við
starfsfólki HERU heimahlýningar og
líknardeildarinnar fyrir nærgætni og hlýja nánd.

Hildur Bergþórsdóttir
Ólafur Magnússon **Sæbjörg Richardsdóttir**
Lára Magnúsdóttir **Tim Miller**
Rúnar Þór Magnússon **Gerda Klotz**
Kristinn Þeyr Magnússon
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Ásdís Einarsdóttir Frimann
hjúkrunarfræðingur,

lést að morgni hvítasunnudags 9. júní
á Landspítalanum Fossvogi.
Útförin fer fram frá Laugarneskirkju
miðvikudaginn 19. júní kl. 13.00.

Sigríður Ágústa Ingólfssdóttir **Kristján Óskarsson**
Þórdís Ágústa Ingólfssdóttir **Gísli Ragnar Ragnarsson**
Einar Sveinn Ingólfsson **Ingibjörg Hauksdóttir**
Björn Ingólfsson **Anna María Jóhannesdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
Guðrjúður (Rúri) Karlsdóttir
Mosabarði 8, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 9. júní. Útför hennar
fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
miðvikudaginn 19. júní kl. 13.00.

Árni Rosenkjær
Karl Rosenkjær **Selma Guðnadóttir**
Guðrún Hildur Rosenkjær **Ásmundur Kristjánsson**
Ágústa Yr Rosenkjær **Jóhann Viðarsson**
Guðný Birna Rosenkjær **Sigurjón Einarsson**
ömmubörn og langömmubörn.



Innlegar þakkir færum við öllum fyrir
auðsýnda samúð við andlát og útför
hjártkærs eiginmanns, föður og afa,

Svans Elissonar
lögreflufulltrúa,
Frostaskjólí 69.

Sérstakar þakkir viljum við færa
starfsfólki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu,
Jakobi Jóhannssyni krabbameinslækni, starfsfólki Heru og
líknardeildarinnar fyrir frábæra umönnun.

Anna Margrét Jóhannsdóttir
Einar Orri Svansson **Fríða Jónsdóttir**
Páll Órvar Svansson **Erla G. Ingimundardóttir**
Markús Orri Pálsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afa og langafi,
Páll Jakobsson
bóndi,
Hamri á Barðaströnd,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á
Patreksfirði 6. júní. Hann verður jarðsungen
frá Brjánslækjarkirkju laugardaginn 15. júní kl. 14.00.

Guðrún Jóna Jónsdóttir
Jón Bjarni Pálsson **Kolbrún Vidalin**
Ólöf Sigríður Pálsdóttir **Finnbögi Kristjánsson**
Jóna Bryndís Pálsdóttir **Sigurður Sigurðsson**
Auðbjörg Gerður Pálsdóttir **Viðir Ingason**
Dóra Eydís Pálsdóttir **Pétur Gunnarsson**
Jakob Pálsson **Guðný Matthíasdóttir**
barnabörn og langafabörn.



- CONMEBOL -
COPA AMERICA
BRASIL 2019

14. JÚNÍ - 7. JÚLÍ



Hluti af sýn

Tryggðu þér áskrift!
stod2.is | 1817

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík



12°C | 4°C ↓

Egilsstaðir



6°C | 7°C ↓

Ísafjörður



10°C | 5°C ↓

Kirkjubæjarkl.



14°C | 5°C ↑

Akureyri



12°C | 3°C ↓

Hveravellir



11°C | 10°C ↓

Norðaustlæg átt 5-13 m/s, hvassast suðaustan til, en norðvestan átt til. Skýjað og lítilsháttar úrkoma austanlands, en þurr og bjart að mestu vestan til. Hiti frá 8 stigum norðaustan til upp í 20 stig á Suður- og Vesturlandi.

Laugardagur

Reykjavík



15°C | 3°C ↓

Egilsstaðir



8°C | 5°C ↓

Ísafjörður



12°C | 3°C ↓

Kirkjubæjarkl.



9°C | 2°C ↓

Akureyri



17°C | 2°C ↓

Hveravellir



17°C | 4°C ↓

Sunnudagur

Reykjavík



13°C | 2°C ↓

Egilsstaðir



13°C | 1°C ↓

Ísafjörður



14°C | 2°C ↓

Kirkjubæjarkl.



13°C | 3°C ↓

Akureyri



17°C | 2°C ↓

Hveravellir



17°C | 2°C ↓

LÉTT

7	8		4		2		
			3	1		8	4
		5	6			7	
			1	4			
	7		6	2			5
4	9			7	1	6	
							1
5		7			9		
	2	6		5	3		

MIDLUNGS

	1	5		2			3
	4					2	
3			4	6	1		7
					5		6
			9	1		7	
5		4		8	2		
	5	2	1		4	9	
						4	1
					7	3	

PUNG

9					6		
				2			4
		4		7			
5	4				3		
		2	8	9		5	
7			2			8	
8			4	6	1	9	
	9		3			7	6
3							

Krossgáta

LÁRÉTT

- skrifa
- sælindýr
- átt
- gægjast
- ekki
- ábreiða
- peningur
- þjálfun
- græðari
- mein

LÓDRÉTT

- drykkur
- eigind
- vefnaðarvara
- eimur
- varðmaður
- rifa
- óregla
- fugl
- kvik

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. letta, 5. aða, 6. hv, 8. glugga, 10. ei, 11. vaktari, 9. glenna, 12. sukk, 14. gæs, 16. íð. LÓDRÉTT: 1. lagervöl, 2. eðli, 3. tau, 4. angan, 7. lak, 12. sent, 13. ógn, 15. laknir, 17. skáði.

Skák Gunnar Björnsson

Vaeaeaein ein átti leik gegn Paasikan í Helsinki árið 1991.

1. Dxe7! Bxe7 2. Bd4+ Bf6 3. Bxf6# 1-0.

Hrókurinn og Kalak efna til skákmóts og fagnaðarfundar í Pakkhúsi Hróksins 17. júní klukkan 14.00. Mótið er öllum opið.

www.skak.is: Allt um Norway Chess.

Hvítur á leik



2	9	8	5	6	3	1	7	4
4	1	5	7	2	9	8	3	6
6	7	3	8	4	1	5	9	2
5	2	1	9	7	4	6	8	3
3	8	4	6	1	5	7	2	9
7	6	9	2	3	8	4	5	1
8	4	2	1	9	7	3	6	5
9	3	7	4	5	6	2	1	8
1	5	6	3	8	2	9	4	7

3	7	8	9	1	5	4	2	6
9	4	6	2	3	8	7	5	1
1	2	5	4	6	7	8	3	9
7	5	2	1	8	3	9	6	4
8	9	4	5	2	6	1	7	3
6	1	3	7	4	9	2	8	5
2	3	1	6	7	4	5	9	8
4	6	9	8	5	2	3	1	7
5	8	7	3	9	1	6	4	2

4	6	8	2	3	9	5	7	1
9	5	7	8	1	4	2	3	6
1	2	3	6	5	7	8	9	4
2	4	1	9	6	3	7	8	5
3	8	6	7	4	5	9	1	2
7	9	5	1	8	2	4	6	3
6	7	4	3	2	8	1	5	9
5	1	9	4	7	6	3	2	8
8	3	2	5	9	1	6	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Overli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



Það er líf eftir stjórnmál Eygló Harðardóttir, fyrrverandi ráðherra, starfar nú sem matreiðslunemi á Hótel Sögu, byggir nútímalagan torfbæ og vinnur ásamt Kvennaathvarfinu að byggingu fjölbýlishúss fyrir polendur heimilisofbeldis.

Örlög Sunnefu Jónsdóttur Valdalið gegn lausgirtum sýslumanni.



Pylsan í nýjum búningi Þjóðarréttur Íslendinga tekinn á næsta stig.



Óreiða og niðurniðsla Skipulag Laugardalsvallar og kappleikja er í ólagi.

Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi

LAGER
ÚTSALA

EKKI MISSA AF!

LAGER
ÚTSALA

Á KRÓKHÁLSI 5


ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA -

30-80%

AFSLÁTTUR

HÚSGÖGN • GJAFAVARA • RITFÖNG

ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA -



LED 3D loftljós

TILBOÐSVERÐ:
3.000.-
Verð áður:
14.999.-



Ventilo
skrifborðsstóll

TILBOÐSVERÐ:
34.900.-
Verð áður:
71.400.-



FROZEN föndusettt í úrvali

TILBOÐSVERÐ:
500.-
Verð áður:
2.499.-



Rafhækkjanlegt
skrifborð

TILBOÐSVERÐ:
54.900.-
Verð áður:
143.843.-

ÞETTA ER BARA **BROT AF ÚRVALINU!**

ÁÐEINS Í DAG! **OPIÐ** 08:00 - 18:00

ÁÐEINS Í DAG



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Mikið sumar í þessari hátíð

Reykjavík Midsummer Music 2019, tónlistarhátíð Víkings Heiðars Ólafssonar píanóleikara, er rétt handan við hornið, nánar tiltekið um aðra helgi og ekki seinna vænna að forvitnast um hvaða snilld verður boðið upp á þar.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það mætti halda að þú værir frá Der Spiegel. Þetta er þýsk nákvæmni,“ segir Víkingur Heiðar glæðlega þegar ég hringi í hann á mínúttunni sem ráðgerð var fyrir símaviðtal. „Þú gætir líka verið frá Japan. Þar er bæði dónaskapur að mæta tvær mínútur í og tvær mínútur yfir! Maður verður líka hálfgerð-

ur tímafasisti þegar maður stendur í svona tónleikahaldi, því allt þarf að ganga upp,“ bætir hann við og á sjálfsögðu við hina glæsilegu tónlistarhátíð sína Reykjavík Midsummer Music 2019, sem haldin verður um aðra helgi, 21.-23. júní.

„Þetta er það stærsta sem ég hef gert hingað til – tvímælalaust, langvidamesta Reykjavíkurhátíðin mín, stórir listamenn og efnisskrárnar mjög þéttar. Ég er að fá hingað ótrúlegt fólk sem ég er að vinna með erlendis og mig langar að Íslendingar heyrir í. Það sem ræður því vali mínu er hrifning og dýnamík. Þar



Víkingur Heiðar á vinnustofunni sinni, innan um listaverk eftir tengdaföðurinn, Magnús Tómasson.

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til uppbyggingar á hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Eitt af áhersluatriðum áætlunarinnar eru orkuskipti í samgöngum sem er stærsti losunarpátturinn sem snýr að beinum skuldbindingum Íslands.

Því er ráðist í átaksverkefni með það að markmiði að fjölga aflmiklum hraðhleðslustöðvum (DC) þar sem þörfin er mest til að tryggja hindrunarlausan akstur á langferðum.

Við úthlutun styrkja verður miðað við að:

- Verkefnið leiði til uppsetningar á aflmeiri stöðvum en fyrir eru og stytti þar með hleðslutíma.
- Verkefnið bæti aðgengi og hleðsluhraða fyrir lengri ferðir rafbíla. Sérstaklega skal þar horft til uppsetningu stöðva þar sem umferð milli svæða er hvað mest.
- Verkefnið mæti þörfum bílaleigubíla og flýti þannig innleiðingu rafbíla í ferðaþjónustu.
- Rekstur þeirra hleðslustöðva sem styrktar verða skal tryggður í a.m.k. 3 ár.
- Greiðslufyrirkomulag á stöðvum verði opið öllum án skuldbindinga.
- Þegar fleiri en einn sækir um uppsetningu stöðva á sama stað, þá er sá umsækjandi valinn sem býður lágsta kostnað við uppsetningu.
- Við uppsetningu hleðslustöðva verði hugað að aðgengi fatlaðra

Til úthlutunar eru 200 milljónir króna. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2019.

Rafrænar umsóknir sendist um þjónustugátt af vef www.os.is

Staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 15. október 2019

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri.
Sími: 569 6083. Netfang: bj@os.is.

EF VIÐ SPILUM AF SANNFÆRINGU OG KRAFTI OG Á OKKAR FORSENDUM ÞÁ VERÐUR ALLT NÝTT, HVORT SEM ÞAD ER POPP, DJASS, MOZART EDA BACH.

þarf þrennt að koma til, folkið þarf að hafa mikla hæfni á sínu sviði, smá ævintýragirni og vera góðar manneskjur. Það er ekki pláss fyrir nein skrímslaegó á svona hátíðum, þótt allir séu stjórnur, heldur erum við saman sem lið sem gerir klikkaka hluti í tónlistinni.“

Tíu erlendir listamenn koma að utan og einnig leika íslenskir listamenn en óvenju fáir í ár, að sögn Víkings Heiðars. „Þó að margt gott sé að gerast hér á landi á tónlistarsviðinu, til dæmis í kammersennunni, finnst mér vanta að fleiri stórkostlegir erlendir tónlistarmenn komi almennt til að spila bæði einleik og í kammerverkum. Því er forvitnilegt að sjá hvort það gengur að gera svona festival, þannig að þetta er líka tilraun hjá mér. Það er svolitíð trikki að halda það hér um hásumar því Íslendingar vilja eðlilega vera úti þegar veðrið er gott og ég er þakklátur fyrir sólskinið sem hefur verið í borginni í hálfan mánuð. Líklega er ég eini Íslendingurinn sem biður um slæmt veður!“ segir hann og kveðst sannarlega vona að fólk mæti á tónleikana. „Það er óvíst hvenær því gefst tækifæri næst til að upplifa eitthvað álíka. Svo er líka mikið sumar í þessari hátíð og geggjáður filingur inni í Hörpu og Mengi, hvernig sem veðrið er úti!“

Draumur að fá þetta listafólk

Beðinn að nefna nokkra flytjendur af handahófi byrjar Víkingur Heiðar á Labèque-systrum. „Þær eru tvímælalaust fremsta píanó-dúó í heimi, hafa skrifað tónlistarsöguna á sínu sviði síðustu þrjátíu ár, unnið með helstu tónskáldum og eru aufúsugestir á bestu sviðum heimsins. Svo eru þær æðislegar manneskjur. Við ætlum að spila sexhent á lokatónleikum. Vorum að spila á sömu píanóhátíð í Brussel í febrúar, þá kom í ljós að við höfðum verið að fylgjast hvert með öðru, þótt við

hefðum aldrei hist fyrr. Þá var ég fyrir löngu búinn að loka flytjendalistanum á hátíðinni minni en þegar við vorum búin að fá okkur einn kaldan eftir tónleikana sagði ég: Af hverju komið þið ekki til Reykjavíkur? Þær eru náttúrliga bókaðar til 2023, en áttu þessa helgi lausa og sögðu já á staðnum. Það er bara ótrúlegt að það sé að gerast.“

Næst nefnir hann söngvarann Florian Boesch sem kemur fram á fyrstu tvennum tónleikumunum. „Florian er bara einn besti ljóðasöngvari í heimi, leyfi ég mér að segja, og hann er að koma til Íslands í fyrsta sinn. Honum kynntist ég í Vinarborg í fyrra þegar við komum fram saman í Konserthúsinu þar, fluttum sönglög eftir Schubert, Schumann og fleira skemmtilegt. Í lokin stakk hann upp á að ég spilaði etýðu eftir Philipp Glass, bara óvænt, og hann improvisaði laglinu yfir. Hún var við ljóð eftir Muhamed Ali boxara, svona er hann flippaður og frjál, ekki bara með fallegustu rödd sem maður heyrir heldur hefur líka þetta opna element sem er svo mikilvægt á svona hátíð, fyrir hið óvænta sem á að vera þar. Svo skemmtilega vill til að þegar ég vann BBC-verðlaunin um daginn vann hann þau í ljóðaflokknum.“

Víkingur Heiðar lýsir því sem draumi að Florian Boesch sé að koma til Íslands og hið sama gildi um alla hina flytjendurna. „Við erum með fremsta tónskáld minnar kynslóðar í Bretlandi, Mark Simpson. Hann hefur samið óperur fyrir Konunglega óperuhúsið í Lundúnum og er líka frábær klarínettuleikari. Ég kynntist honum fyrir tilviljun fyrir tíu árum í Oxford þegar konan mín var að læra þar. Simpson er ótrúlegt séni, það getur allt gerst þegar hann er annars vegar. Hann spilar í Karnivali dýranna, á lokatónleikumunum og í Mengi – hann er hér og þar.“

Einn flytjandi í viðbót, Víkingur Heiðar segir eina áhugaverðustu persónuna vera unga konu. „Yura Lee var algert undrabarn á fiðlu, spilaði sem einleikari hjá New York filharmóniunni og ferðast með henni um allan heim. Sagði skilið við fjölskyldu sína þegar hún var fimmtán ára, því hún aðhylltist ekki

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

14. JÚNÍ 2019

Myndlist

Hvað? Gjöfin til íslenskrar alþýðu

Hvenær? 17.30

Hvar? Listasafn Árnesinga í Hveragerði. Á sýningunni eru perlur íslenskrar listasögu. Öll verkin eru úr stofngjöf Ragnars í Smára til Listasafns ASÍ, en sýningin er samstarfsverkefni

Kristin Guðnadóttir er sýningarstjóri.

safnanna tveggja. Drífa Snædal, forseti ASÍ, ávarpar gesti og Vignir Þór Stefánsson leikur djass af fingrum fram. Einnig kemur út bók með sama heiti og sýningin.

Tónlist

Hvað? Tónar sem veга tonn

Hvenær? 12.15

Hvar? Hörpuhorn Stúdentakórinn Korgossarna frá Uppsölum í Sviþjóð heldur

hádegistónleika í anddyri Hörpu og flytur verk eftir þekkt norræn tónskáld. Gestgjafi kórsins, Karlakórinn Fóstbræður, mun einnig koma fram og svo syngja kórarnir saman nokkur lög. Aðgangur er ókeypis.

Hvað? Pétur Eggerts

Hvenær? 21.30

Hvar? Mengi, Óðinsgötu 2 Pétur Eggerts leiðir saman alls konar flytjendur. Engin er gogg-unarröðin á manneskjum, tölvum eða hinum. Öll verkin flutt í fyrsta sinn á Íslandi og heimsfrumflutningur er á tveimur þeirra. Miðaverð er 2.000 krónur.



FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

sömu lífsskoðanir, og fylgdi henni ekki til baka til Kóreu, þannig að hún hefur séð um sig sjálf síðan. Fór í bakpokaferðalag um Evrópu í eitt ár og hætti að spila. Hún er eftirsóttur kammermúsikant og hefur unnið stærstu víólukeppni heims. Svo er hún líka raftónlistarmaður, alltaf á flakkinu, einstaklega skemmtileg og villt, eiginlega heillandi ráðgáta. Hún fær að gera eitthvað með honum Roedelius sem er 85 ára raftónlistarmaður og mikil goðsögn í þeim kreðsum. Það verður í Mengi. Ég kem eitthvað að því líka. Ég spila mest á hátíðinni og Yura Lee næstmest. Hún spilar og spilar, virðist ekki hafa fyrir neinu og aldrei þurfa að sofa.“

Gaman að gera eitthvað frjálst

Snúum okkur að tónlistinni. Þar er margt spennandi að sögn Vikings Heiðars. „Við erum með fullt af klassískum, rómantískum verkum, algerum perlum en oft í nýjum útsetningum og búningi. Ég vil ekki endilega að fólk fatti hvað er nýtt og hvað er gamalt, heldur renni það bara saman. Ef við spilum af sannfæringu og krafti og á okkar forsendum þá verður allt nýtt, hvort sem það er popp, djass, Mozart eða Bach. Því er ég að miðla með því hvernig ég stilli upp verkunum á dagskránni. Það er svo gaman að gera eitthvað frjálst.“

Verðandi Noregskonungur

Ekki er hægt að sleppa Vikingi Heiðari án þess að spyrja hvernig litli stubbur hafi það, en hann og Halla Oddný Magnúsdóttir, kona hans, eignuðust son þann 3. apríl. „Hann er bara yndislegur,“ svarar faðirinn stoltur. „Hann fékk nafn um helgina, heitir Ólafur Magnús Víkingsson. Hallgrímur Helgason sendi okkur kveðju á netinu og sagði: Þetta er verðandi Noregskonungur því þetta eru Noregskonunganöfn. En svo eru þetta nöfnin á öfum hans og einum langafa sem koma þarna saman. Þeir eru svo yndislegar manneskjur að okkur fannst þetta rétta nafnið. Drengurinn er fjörmikill og sterkur. Hver veit nema við Íslendingar tökum yfir Noreg í framtíðinni og hann verði konungur!“

Dalaostar
GOTT HANDBRAGÐ
ÚR DÖLUNUM

DALAOSTARNIR Í 100 ÁR
Reynsla og þekking kúabóndans gefur af sér afbragðsmjólk. Færni og fagmennska ostagerðamannsins dafnar með góðu hráefni. Í hundrað ár hefur samstarfið eflst eða allt frá því fyrsti mygluosturinn var framleiddur í Ólafsdal.

DAGSKRÁ

Föstudagur

RÚV SJÓNVARP

12.25 Kastljós
12.40 Menningin
12.50 Japan - Skotland HM kvenna í fótbolta Bein útsending frá leik á HM kvenna í fótbolta.
14.50 HM kvenna í fótbolta. Leiðin til Frakklands Þættir þar sem farið er yfir lið allra þátttökubjóðanna á HM kvenna í fótbolta í Frakklandi, styrkleika þeirra og veikleika og helstu stjórnur kynntar til leiks. e.
15.20 HM kvenna í fótbolta. Leiðin til Frakklands
15.50 Jamaika - Ítalía HM kvenna í fótbolta Bein útsending frá leik á HM kvenna í fótbolta.
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt í einum graut Norskir gamanþættir um tvær fjölskyldur sem flytja saman í hús sem þær erfa en sambúðin reynist ekki eins auðveld og ætlað var.
18.25 Tryllitæki - Vekjarinn Uppfinningamenn þurfa að leysa auðveld verkefni, eins og að vekja einhvern eða blása á kerti á afmælistertu, með stórum og flóknum vélum.
18.31 Bitið, brennt og stungið
18.46 Græðum Nýtni Hvað verður um allt það sem við hendum í ruslið, hvað verðum um gamla dótið okkar þegar við hættum að nota það, eða fötin okkar þegar þau eru orðin of lítil, af hverju eru sumir hlutir bara einnota? Er allt sem heitir einnota í alvöru bara einnota? Inga María Eyjólfsdóttir ætlar að svara þessum spurningum í samvinnu við Umhverfisstofnun. Krakkar: Guðni Steinar Guðmundsson og Guðmundur Breki Guðmundsson.
18.50 Vísindahorn Ævars
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Íslenskt grínsumar. Limbó Leiknir gamanþættir frá 1993 um tvo seinheppna náunga sem hafa umsjón með nýjum skemmtiþætti í sjónvarpi. Þættirnir gerast að mestu leyti baksviðs á meðan bein útsending fer fram og þar er oft heitt í kolunum og mikill taugatitringur. Leikstjóri: Óskar Jónsson. Aðalhlutverk: Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon. e.
20.15 Íslenskt grínsumar. Dreka-svæðið Íslensk gamanþáttaröð frá 2015. Ari Eldjárn úr Mið-Íslandi og Baggalútarnir Bragi Valdimar Skúlason og Guðmundur Pálsson koma saman ásamt öflugum leikhópi. Góðlátlegt grín og frumstæður fíflangangur. Leikstjóri: Kristófer Dignus. e.
20.45 Martin læknir
21.35 Poirot - Morðið á golfvellinum
23.20 The Last of Robin Hood Síðasta ævintýri Hróa hattar
00.45 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 The Good Place
13.30 Superstore
13.50 Family Guy
14.15 The Biggest Loser
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 Younger
19.30 Kling kling
19.55 The Bachelorette
21.25 You, Me and Dupree
23.10 Mission. Impossible - Rogue Nation
01.20 The Tonight Show
02.05 NCIS
02.50 NCIS. Los Angeles
03.35 Billions
04.35 Trust
05.25 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Brot af eilífðinni Jacques Brel
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi Fuglar
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Grár köttur
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Gospel tónlist gömul og ný
19.50 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan. Ósjálfrátt. Fyrsti lestur
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2

07.00 Blíða og Blær
07.25 Tommi og Jenni
07.50 Friends
08.10 The Middle
08.30 Brother vs. Brother
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Camping
10.05 The Good Doctor
10.50 Deception
11.35 Satt eða logið?
12.10 Feðgar á ferð
12.35 Nágrannar
13.00 Fangavaktin Það er aðfangadagur og Daniel, Georg og Ólafur þurfa að taka á honum stóra sínum til að halda uppi jóla-stemningunni.
13.40 Fangavaktin Sérstakur þáttur af Fangavaktinni með broti af því besta úr þáttaröðinni.
14.20 Made of Honor
16.00 Bróðir minn ljónshjarta
17.45 Bold and the Beautiful
18.05 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Ísland í dag
19.05 Sportpakkinn
19.10 Veður
19.15 Strictly Come Dancing
21.30 The Constant Gardener
23.35 The Zookeeper's Wife
01.40 Gringo Kvikmynd frá 2018 þar sem hraði, spennu og grín eru í fyrirrúmi. David Oyelowo, Charlize Theron og Joel Edgerton fara með aðalhlutverk. Harold Soyinka starfar hjá bandarísku lyfja-fyrirtæki og glímir í einkalífnu við stórkostleg fjárhagsvandæði. Dag einn biðja eigendur fyrirtækisins, þau Elaine og Richard, hann um að skreppa til Mexíkó með kolólöglega efnaformúlu að marjúána-töflum sem þau vilja láta framleiða fyrir sig.
03.30 Made of Honor Rómantísk gamanmynd eins og þær gerast bestar.

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Bob's Burger
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Stelpurnar
21.15 Vice Principals
21.45 American Dad
22.10 Famous In Love
22.55 Silicon Valley
23.25 Lovleg
23.45 All American
00.30 Modern Family
00.55 Seinfeld
01.20 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.05 Afturelding - Haukar Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
08.45 KR - Keflavík Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
10.25 Pepsi Max Mörk kvenna
11.25 Ísland - Albanía Útsending frá leik í Undankeppni EM.
13.05 Færeyjar - Spánn Útsending frá leik í Undankeppni EM.
14.45 Undankeppni EM 2020 - Markaður
15.35 Úrslitaleikur Útsending frá úrslitaleik Þjóðadeildarinnar.
17.15 Afturelding - Haukar Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
18.55 FH - Stjarnan Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
21.15 Ísland - Tyrkland Útsending frá leik í Undankeppni EM.
23.00 UFC Now 2019
23.50 Bballography. Schayes Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.

STÖÐ 2 BÍÓ

11.00 50 First Dates
12.40 The Edge of Seventeen
14.25 Ocean's Twelve
16.30 50 First Dates
18.10 The Edge of Seventeen
19.55 Ocean's Twelve
22.00 Life of the Party
23.45 Keanu
01.25 Aftermath
03.00 Life of the Party

GOLFSTÖÐIN

08.00 Meijer Classic Útsending frá Meijer Classic á LPGA mótaröðinni.
11.05 Inside the PGA Tour Skyggst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
11.30 US Open Útsending frá fyrsta degi á US Open 2019.
19.00 US Open Bein útsending frá öðrum degi á US Open 2019.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útlit Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

HÁGÆÐA
 PIZZA SÚRDEIG
 FERSKT OG FLOTT

SÚRDEIGS
 PIZZA DEIG
 309 kr.
 220g



HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ AÐ GRILLA PIZZU?



PIZZASÓSA
 LIFRÆN
 199 kr.
 280g



PIZZASÓSA
 149 kr.
 280g

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ

ÞÚ FINNUR SUPER1 Á ÞREMUR STÖÐUM



HALLVEIGARSTÍG 1



FAXAFENI 14



SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 - 22:00 ALLA DAGA

**Cocoa
Puffs**

**Algjört
súkkulæði!**





Jón Jónsson og Sverrir Bergmann á Þjóðhátíð

Í dag verður tilkynnt að Þjóðhátíðarkempurnar Jón Jónsson og Sverrir Bergmann muni spila á hátíðinni ár. Þetta verður ellefta árið í röð hjá Sverri, en hann kom í fyrsta sinn árið 2001 og tók lag sitt og eitt það vinsælasta hérlandis það árið, *Án þín*. Jón á sömuleiðis góða minningu frá því að spila í fyrsta sinn á hátíðinni og segir það hafa verið ótrúlega tilfinningu að sjá og heyra alla í dalnum taka undir með honum. Það var með laginu *Sooner or later* á hátíðinni 2011.

Sverrir og Jón tala báðir mikið um hve einstaklega umburðarlyndir, gestrisnir og gjafmildir Eyjamenn séu. Allir taki þeir gestunum opnum örmum og oftast hægt að redda gistingu með litilli fyrirhöfn, maður fái stundum bara að tjalda í næsta garði.

Fór með eiginkonunni á fyrstu Þjóðhátíðina

Talið berst að hvítu tjöldunum og hve einstök stemning ríki þar, að þetta hljóti að vera einsdæmi á heimsvísu. Síðirnir, menningin og um fram allt stemningin.

Þegar blaðamaður tjáir Jóni að viðtalið þurfi nú ekki að taka langan tíma, þar sem Jón er á leiðinni til Milanó, svarar hann hlæjandi:

„Jú, jú, byrjum bara á byrjuninni alveg bókkstaflega. Sko ég er fæddur og uppalinn í Hafnarfirði...“

Í Milanó mun hann koma fram í brúðkaupi landsliðsfyrirliðans Gylfa Sigurðssonar og skartgriphönnuðarins Alexöndru Ivarsdóttur, ásamt bróður sínum Friðrik Dór. Hann segir þá bræður þekkja Gylfa ágætlega en þeir séu aðallega að fara til að spila og því sé stoppið stutt. En aftur að Þjóðhátíð.

„Ég fór fyrst á Þjóðhátíð árið 2003, með félögum mínum, en það vill svo skemmtilega til að konan mín fór með mér þá. Mamma hennar treysti mér til að taka hana með í Eyjaferð þegar við vorum 17 ára gömul. Ég fór oft á mínun Verzlóárum með félögum mínum.“

Hann segir að fyrsta árið hafi hann gisti í garði á Illugagötunni hjá frændfólki Tomma vinar hans.

„Svo er það náttúrulega þannig með Eyjamenn, það eru allir alltaf í svo góðum gir. Manni er bara hleypt inn til að fara í sturtu og hvað og hvað, þvílík var gestrisnin. Bigga vini mínum var eitt skiptið svo mikið mál að hann bara bankaði upp á í næsta húsi og það var bara ekkert mál, honum var velkomnið að nota klósettið,“ segir Jón.

Afbrýðisamur vinur

Sverrir Bergmann er einn sá reynslumesti þegar kemur að því að

koma fram á Þjóðhátíð. Eins og áður sagði er hann að koma ellefta árið í röð en honum er þó minnisstæðast atvik sem átti sér stað fyrsta árið sem hann kom fram á hátíðinni.

„Þetta var náttúrulega alveg svakalega gaman og alveg ótrúlegt að sjá að allir tóku undir þegar ég söng *Án þín*. Það var þó einn vinur minn sem söng ekki jafn hátt með. Hann varð bara gífurlega afbrýðisamur yfir þessari velgengni minni og nýtilkominni frægð. Hann einsetti sér í kjölfarið að verða líka líka frægur og gerði alls konar vandræðalega hluti til að ná því takmarki,“ segir Sverrir hlæjandi og bætir svo við: „En þetta gekk ágætlega hjá honum, þetta var auðvitað Auðunn Blöndal.“

Þessum Auðuni hefur greinilega tekist ætlunarverk sitt þar sem Sverrir spilar ásamt honum og FM95BLÖ á laugardeginum en með hljómsveitinni Albatross á sunnudagskvöldinu, rétt fyrir brekkusönginn.

„Það verða

Síðar í dag verður tilkynnt að þeir **Jón Jónsson og Sverrir Bergmann** spili á Þjóðhátíð í Eyjum í ár. Þeir hafa báðir farið oftast en tíu sinnum og eiga stórskemmtilegar sögur af fyrri hátíðum. Þeir segja stemninguna ólýsanlega góða.

nokkrir söngvarar sem koma fram með Albatross. Ég mun að taka mest mitt eigið efni en það slæðast mögulega með einhverju ábreiðulög, það verður bara að koma í ljós.“

Mamma og pabbi í brekkunni

Sverrir og Jón segja báðir það ekki fullvitað hvort þeir spili á fleiri hátíðum yfir helgina. Þeir hafa báðir tvisvar átt Þjóðhátíðarlagið. Sverrir árin 2012 og 2016 og Jón 2014 og ásamt bróður sínum Friðriki í fyrra.

„Ég luma þarna á nokkrum Þjóðhátíðarlögum svo ég held að fólk verði ekkert í sjokki ef ég tek þau. En það er svo fallegt þegar mamma og pabbi koma alltaf í brekkuna að fylgjast með okkur bræðrunum og við með fjölskylduna og barnavagnana. Það er eitthvað svo fallegt við það, að hafa verið að djöflast þannig fyrir mörgum árum og núna vera kominn í þessa stemningu, að fá að upplifa báðar hliðarnar,“ segir Jón.

Sverrir tekur undir hvað stemningin sé skemmtileg í Dalnum:

„Það kemur manni á óvart hvað þetta er stórt allt saman, hvað það er mikið af fólki. Það að fá þetta fólk til að garga þarna á móti manni er

geggjuð tilfinning. Fólk á líka að gefa sér tíma til að fara í Dalinn að deginum til, það er alveg ógleymanleg lífsreynsla. Það er svo fallegt hvernig heimamenn eru með tjöldin þarna og þjóða mann velkominn. Maður getur fengið sér flatkoku með hangikjöti og kaffi, það er stemning.“

Hann segir Eyjamenn jafn gestrisna við alla, það skipti engu máli hvort maður sé Jón eða séra Jón.

„Það vilja allir fá þig í heimsókn, bara ef þú ert skemmtilegur. Það er nóg,“ segir Sverrir.

Jón er í miðjum klíðum að segja frá sínum bestu minningum frá Þjóðhátíð þegar hann heyrir segja í átt frá símanum: „Bíddu, Jónas minn, pabbi er að tala við blaðakonu. Hérna eru billyklarnir í vasanum hjá mér, gjörðu svo vel.“

Því varð blaðakonu eðlilega spurn til hvers barnungur sonur hans þyrfti á billyklunum að halda.

Jón svarar án hikis: „Æ, hann ætlar bara aðeins að skreppa út í búð,“ en bætir svo jafn snögg við hlæjandi: „Nei, nei, auðvitað ekki.“

Kom vinunum á óvart

Ein ferð er Jóni sérstaklega minnisstæð. Þá hafði hann átt að vera farinn út í námið sitt í Boston University fyrir haustönnuna en frestaði ferðinni svo hann gæti mætt á Þjóðhátíð:

„Þannig að ég kom, öllum á óvart, í brekkuna um kvöldið og áðurnefndur Tommi sér mig þarna þvílíkt hissa og kallar fagnandi: „Nei, Johnny!“ Það væri ekki í frásögu færandi nema fyrir þær sakir að hann fagnaði mér á nákvæmlega sama hátt morguninn eftir þegar hann sá mig í íbúðinni, hann mundi greinilega ekkert eftir mér úr brekkunni kvöldið áður.“

Jón segist ekki vera alveg með á hreinu hverjir spila á hátíðinni en vera mjög spenntur að sjá Friðrik nokkurn Dór.

„Hann er algjör meistari þessi Friðrik, alltaf spenntur að sjá hann. Svo er bróðir hans engu síðri,“ segir Jón hlæjandi að lokum.

Til þess að upplifa þessa umtöluðu stemningu og síðast en ekki síst þá Sverri og Jón, þá fast miðar á Þjóðhátíð á dalurinn.is.

steingerdur@frettabladid.is



Jón Jónsson er alltaf jafn spenntur að sjá bróður sinn Friðrik Dór spila.

Sverrir varð Auðuni Blöndal vini sínum innblástur á Þjóðhátíð 2001.



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Nýtt



Pallaefnið er nú fánlegt í vefverslun, sendum heim á höfuðborgarsvæðinu. husa.is

Allt pallaefni á **TAX FREE***

TAX FREE
PALLAEFNI

Pallaolía og viðarvörn

20%
afsláttur

Sumaropnun í Kjalarvogi
Timbursala og Fagmannaverslun
opna kl. 8 á laugardögum í sumar



**FORESTS
FOR ALL
FOREVER**

**Pallaefni úr
sjálfbærum skógum**

Tryggjum skóga til framtíðar. Nánast allt pallaefni sem Húsasmiðjan selur er FSC vottað sem tryggir að timbrið kemur úr sjálfbærum skógum.



evapolar



Þín eigin skrifborðskæling!

Kæli-, raka- og lofthreinsitæki, allt í einu tæki.

Verð aðeins kr. 24.900 m.vsk.



Kælitækni

Leigðu rafskutlu

Við bjóðum upp á einstaklega þægilegar rafskutlur frá Shoprider sem henta vel við íslenskar aðstæður. Bjóðum einnig upp á leigu á hjólastólum, göngugrindum og mörgu fleira.

Dú getur náð í rafskutluna til okkar og einnig getum við sent hana heim til þín gegn vægu sendingargjaldi.



HJÁLPARTÆKJALEIGA SJÁLFSBJARGAR
Mobility Equipment Renting

Opnunartími

10:00 - 15:00 virka daga - lokað um helgar

Heimilisfang: Hátún 12, 105 Reykjavík, Iceland

Sími: 5500-118

hjalpartaeki@sjalfsbjorg.is | www.hjalpartaeki.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Frettablaðinu á Facebook



Hljómsveitin GRL PWR flytur lög Spice Girls. MYND/SAGA SIG

Gerir fastlega ráð fyrir að missa röddina á Spice Girls tónleikum

Hljómsveitin GRL PWR stendur fyrir Spice Girls tónleikum á Gauknum og Græna hattinum þar sem öllu verður tjaldað til en **Elisabet Ormslev** lofar brjáláðri nostalgíu.

Elisabet Ormslev er einn af fimm meðlimum sveitarinnar GRL PWR sem gert hefur garðinn frægan fyrir óð sinn til Spice Girls eða Kryddpianna. Aðrir meðlimir sveitarinnar eru Salka Sól, Stefania Svavars, Þuríður Blær og Karó með tilfallandi gestasöngkonum á borð við Svölu Björgvins og GDRN. Á föstudaginn slær sveitin upp veislu á Gauknum til að fagna því að Kryddpiurnar séu hvergi nær hættar og verður leikurinn síðan endurtekinn á Græna hattinum á Akureyri 21. júní.

Elisabet segir hljómsveitina hafa orðið til eftir gamlársball hljómsveitarinnar Babies í Gamla bóí árið 2017. „Þar tókum við tvö Spice Girls lög og viðbrögðin voru svo svakaleg að ég og Salka ákváðum að ráðast í þetta.“ Hún bætir við að eftirspurn eftir tónleikum hafi ekki linnt eftir stofnun hópsins en landinn virðist ekki fá nóg af



Elisabet Ormslev er Geri Hallivell í GRL PWR. MYND/ÖRLYGUR SMÁRI

ÞÆR FENGU ALLAR AÐ VERA NÁKVÆMLEGA EINS OG ÞÆR VILDU SVO AÐ ÞAÐ VAR AUÐVELT FYRIR AÐDÁENDUR AÐ FINNA EINHVERJA TIL AÐ TENGJA VIÐ.

krydduðu poppinu og sjálfsefandi boðskapnum.

Sjálf uppgötvaði Elisabet Kryddpiurnar 5 ára gömul eða í kringum 1998 þegar poppsveitin var á hápunkt ferilsins. „Ég átti haug af Spice Girls dóti og hlustaði varla á neitt annað.“ Elisabet heilladist af samheldni sveitarinnar og

hvatningu þeirra til ungra stúlkna um allan heim. „Þær fengu allar að vera nákvæmlega eins og þær vildu svo að það var auðvelt fyrir aðdáendur að finna einhverja til að tengja við.“ Elisabet tengdi persónulega mest við söngkonuna Geri „af því að ég var rauðhærð en mig langaði líka stundum að vera Mel B“ en Elisabet verður einmitt í hlutverki Geri á sviðinu með GRL PWR.

Elisabet telur boðskap Kryddpianna eiga erindi við samtímamann og segir GRL PWR taka þátt í að miðla honum áfram. „Stór partur af okkar boðskap er að hvetja stelpur áfram og ekki láta neitt stoppa sig.“ Hún segir Kryddpiurnar hafa verið ákveðna frumkvöðla í eflingu á samheldni og nýrri birtingarmynd vináttu kvenna. „Konur eru konum bestar og það er nákvæmlega okkar boðskapur líka.“

Elisabet tekur fram að tónlistin standi enn þá upp úr en hún lærði hvert einasta lag af fyrstu tveimur plötum Spice Girls aðeins fimm ára. „Ég hef eflaust verið að gera aðra á heimilinu brjáláða, ég spilaði þær svo mikið og á algjöru blasti.“ Aðspurð segir Elisabet að hana hafi langað mikið út að sjá Spice Girls þegar tilkynnt var um endurkomutónleika þeirra. „Ég öskraði mjög hátt þegar ég sá fréttirnar en þær sem ég myndi vilja deila upplifuninni með eru uppteknar með lítil Baby Spice,“ en Elisabet segir það ekki óhugsandi að hún leggi í ferðalagið ein. Um eigin tónleika segir Elisabet aðdáendur geta búist við brjáláðri nostalgíu og yfirflæðandi „girl power“ en Elisabet gerir fastlega ráð fyrir að missa röddina eftir kvöldið. kristlin@frettabladid.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD

2019/2020

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á næsta starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Kynntu þér ólíkar tónleikaraðir á vef hljómsveitarinnar.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.

Endurnýjun og sala nýrra áskrifta- og Regnbogakorta er í fullum gangi á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.



ALMENN MIÐASALA HEFST Í DAG Á SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Arnars Tómasar
Valgeirssonar



Klifurjurtir

Á þritugsafmælisdegi mínum snyrti ég eyrnahárin mín í fyrsta skipti. Það var frekar einföld en sálfræðilega þrúgandi athöfn sem setti mig í umtalsverða krísu. Eftir að hafa lesið ótal hjörtum skreyttar Facebook-færslur frá eldri konum um að aldurinn sé afstæður gaf líkaminn mér skýr skilaboð um að svo sé ekki. Klifurjurtir ellinnar klöngruðust hægt en bitandi út úr eyrunum á mér og minntu mig á feigðina.

Eftir að ég hafði klippt þau fann ég fyrir að þau voru strax byrjuð að vaxa aftur, hraðar en mér þótti gott. Eyrnahár voru fyrir mér eitthvað sem menn á sjötugsaldri, líkt og pabbi minn, þurfa að gefa gætur en hingað voru þau komin, langt á undan áætlun.

Krisan stóð þó stutt yfir því að um kvöldið var haldin veisla þar sem vinir og vandamenn voru komnir til að fagna hörnun minni. Mannskapurinn hafði töluvert aðrar hugmyndir en ég um hvert ég væri kominn á lífsleiðinni. Þau færðu mér gjafir, þar á meðal Nintendo-leikjatölvu og hlaupahjól. Gjafir sem gefnar eru sjö ára grunnskólabörnum. Þær hittu þó beint í mark og þótt markhópur þeirra sé ef til vill í yngri kantinum fann ég engu að síður fyrir miklum þroskakipp sem stendur enn yfir.

Ég þurfti ekki á innantómum hvatningarverkferum samfélagsmiðlanna að halda til að ljúga að mér að ég sé ekki að eldast. Ég þurfti bara staðfestingu á að það sé allt í lagi, og ég er þegar byrjaður að gúgla öflugri eyrnaklippur.



STILLANLEGIR DAGAR

25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!

TEMPUR

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukkka
- Vekjaraklukkka
- Upp/miður höfðalag
- Upp/miður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd



DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

Með Tempur Original eða Cloud heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 384.900

Tilboð 288.675 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukkku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

TORTILLA OG GOS* COMBO VERÐ: 499 KR



*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO

25 ÁRA AFMÆLISDÝNA BETRA BAKS

HÖFUM LAGT GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI Í
Sinfonia 25 ÁR



Serta

Í tilefni 25 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS höfum við í náinni samvinnu við sérfræðinga SERTA, stærsta dýnuframleiðanda veraldar, sérhannað og framleitt Sinfoniu, einstaka heilsudýnu fyrir viðskiptavinum sem kjósa gæði og gott verð.

SINFONIA er einstaklega þægileg dýna með 7 hægingalögum. Löggin eru samsettu úr hágæða svampi og lagi úr náttúrulegu Talalay-latexi sem saman gefa mykt og stuðning á réttum svæðum. Sinfonia er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi og stýrist hreyfing gormanna af mismunandi þunga líkamssvæða. Þannig veitir dýnan

alltaf hárréttan stuðning. Gormakerfið er mykra á axlasvæðum og við mjóbak til að halda réttu sveigju á líkamanum alla nóttina. Steypar kantstyrkingar gefa þér um 25% meira svefnrými og eykur það endingu dýnunnar. Áklæðið utan um dýnuna er úr 100% bómull og andar einstaklega vel.

SERTA SINFONIA Á ÖTRÚLEGU AFMÆLISVERÐI - VERDDÆMI

Serta Sinfonia heilsurúm með Comfort botni og fótum, 120 x 200 cm.

Aðeins 105.125 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-Fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK